


TÆKNIMINJASAFN AUSTURLANDS

- SEYÐISFJÖRÐUR – VAGGA TÆKNINNAR Á ÍSLANDI -



SÖGUSMÍÐJAN
- NÓVEMBER 2002

(KOSTNAÐAR- OG FRAMKVÆMDAÁÆTLUN
ENDURSKOÐUÐ SEPT 2003)

**JÓN JÓNSSON &
KRISTINN SCHRAM**

EFNISYFIRLIT

1.	SEYÐISFJÖRÐUR – VAGGA TÆKNINNAR Á ÍSLANDI	BLS. 3
2.	MARKMIÐ OG TILGANGUR VERKEFNISINS	BLS. 8
3.	HÚSNÆÐI SAFNSINS OG WATHNESTORFAN	BLS. 12
4.	SAFNASTARFIÐ	BLS. 18
5.	SÝNINGAR TÆKNIMINJASAFNSINS	BLS. 22
6.	VERKEFNATENGD STARFSEMI SAFNSINS	BLS. 30
7.	BRYGGJUHÚSIN, HÚSAVERNDUN OG VIÐGERÐIR	BLS. 32
8.	REKSTUR TÆKNIMINJASAFNSINS	BLS. 34
9.	MARKAÐSSETNING	BLS. 39
10.	FRAMKVÆMDAÁÆTLUN	BLS. 45
11.	KOSTNAÐUR VIÐ UPPBYGGINGU	BLS. 48
12.	FJÁRMÖGNUN UPPBYGGINGAR	BLS. 51
13.	LOKAORÐ	BLS. 55
14.	VIÐB. –ÉNDURSK. FRAMKV.- OG KOSTN.ÁÆTLUN SEPT 2003	BLS. 57

1. SEYÐISFJÖRÐUR – VAGGA TÆKNINNAR Á ÍSLANDI

Seyðisfjörður er á margan hátt vagma tækninnar hér á landi. Á árabílinu frá því um 1880 til 1920 voru íbúar bæjarins í fararbroddi á landinu við uppbyggingu atvinnulífsins. Norskir athafnamenn sem stunduðu útgerð og verslun settu svip á bæjarbraginn og atvinnuþróun, ýmiskonar handverksmenn settust að á Seyðisfirði og bærinn kemur mjög við sögu þegar fjallað er um upphaf margvíslegrar nútímatækni á Íslandi. Rafmagn, sími, radió, vélsmíðar og málmbræðsla – öll þessi sjálfsagða nútímatækni á sögulegar rætur á Seyðisfirði. Á þessum tíma voru einnig reist mörg glæsileg hús á Seyðisfirði sem enn standa og eru nú merkar menningarminjar, bæði atvinnuhúsnæði og íbúðarhús. Það er hreint ekki ofsögum sagt að á blómaskeiði sínu hafi bærinn verið einn framsæknasti og blómlegasti kaupstaður landsins.

Á Seyðisfirði var síminn tekinn á land árið 1906 þegar sæstrengur var lagður til Íslands og þaðan var loftlína lögð um landið. Fyrsta ritsímastöðin tók þá til starfa á Seyðisfirði. Árið áður hófu Seyðisfirðingar að smíða mótorbáta til notkunar hér á landi. Frá árinu 1907 er elsta vélsmíðja landsins, Vjelasmiðja Jóhanns Hanssonar. Árið 1913 varð bærinn síðan fyrsti staðurinn á landinu til að eignast háspennna riðstraumsvirkjun þegar Fjarðarselsvirkjun var tekin í notkun og bærinn raflýstur. Sama ár hófust þráðlaus fjarskipti hér á landi með tæknibúnaði sem tveir seyðisfirskir símrítarar höfðu smíðað sjálfir.

TÆKNIMINJASAFNIÐ

Í ljósi sögulegrar sérstöðu bæjarins var vel við hæfi þegar Tækniminjasafn Austurlands var stofnað formlega á Seyðisfirði árið 1984. Safnið átti sér nokkra forsögu sem tengist hugmyndum um sérhæfingu safna á Austurlandi og tillögum um verkaskiptingu þeirra. Austurland var fyrsti landshlutinn þar sem settar voru fram hugmyndir í þessum anda, en nú þykja slík vinnubrögð til fyrirmyndar við skipulag safnamála.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi skipaði árið 1971 safnanefnd til að skoða stöðu safnamála á Austurlandi og Safnastofnun Austurlands var komið á fót í framhaldi af því. Safnanefndin lagði til að símaminjasafn yrði stofnað á Seyðisfirði og jafnframt könnuð samvinna um varðveislu Fjarðarselsvirkjunar. Samgönguráðuneytið afhenti síðan Seyðisfjarðarkaupstað Wathneshúsið (Gömlu símstöðina) undir safn árið 1976. Það ár markar tímamót fyrir Tækniminjasafnið því þá hófst söfnun muna.

Fyrsta sýning Tækniminjasafnsins var opnuð á 100 ára afmæli Seyðisfjarðarkaupstaðar árið 1995 á efri hæð Wathneshúss. Tveimur árum áður hafði Tækniminjasafnið eignast Smíðjuna (Vjelasmiðju Jóhanns Hanssonar) en í henni er töluvert af upprunalegum vélbúnaði, m.a. bræðsluofn, túrbínur, eldsmíðja og reimabúnaður í lofti sem knýr rennibekki og fleiri tæki. Einnig fékkst að gjöf frá ættingjum Jóhanns Hanssonar mikið safn af trémótum, vélabúnaði og verkfærum. Viðgerð á Smíðjunni hófst strax árið eftir, en hefur gengið hægt. Hluti hússins var opnaður almenningi sumarið 2001.

Tækniminjasafnið hefur starfað á fremur veikum grunni mest af þeim tíma sem liðinn er frá stofnun þess. Reksturinn hefur verið kostaður af Seyðisfjarðarkaupstað, en mannekla og fjárskortur hafa sett starfseminni skorður. Segja má að starfsemin hafi að mestu leyti

snúist um söfnun, varðveislu og björgun menningarverðmæta. Safnið á því mikið af merkjum gripum, en minni áhersla hefur verið lögð á að byggja upp sýningar.

Helsta ástæðan fyrir því hversu hægt hefur gengið er sú að safn af þessari stærðargráðu þarf forstöðumann í fullu starfi. Fyrsti starfsmaðurinn var ráðinn í 1 mánuð á árinu 1986 og það gerðist fyrst síðastliðið vor að Pétur Kristjánsson var ráðinn í fullt starf sem forstöðumaður við safnið.

Síðustu tvö árin hefur orðið ákveðin vakning um að efla starfsemi safnsins og í upphafi ársins var komið á laggirnar fimm manna vinnuhóp til að vinna að fjármögnun og ýmislegri undirbúningsvinnu fyrir stefnumótun og skilgreiningu á stöðu, möguleikum og uppbyggingu Tækniminjasafnsins. Þar var sett á oddinn sem forgangsverkefni safnsins að fá starfsmann í heila stöðu á ársgrundvelli.

Í verkefnahópnum eru:

- Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður.
- Guðný Zoega, minjavörður Austurlands.
- Pétur Kristjánsson, þjóðfræðingur og forstöðumaður Tækniminjasafnsins.
- Óðinn Gunnar Óðinsson, hjá Þróunarstofu Austurlands.
- Aðalheiður Borgþórsdóttir, ferða- og menningarmálafulltrúi Seyðisfjarðarkaupstaðar og verkefnisstjóri.

Lagt er til að vinnuhópurinn starfi áfram, lítið breyttur, þó því markmiði að ganga frá safnastefnu og stofnskrá Tækniminjasafnsins sé lokið. Framundan eru mikil verkefni við uppbyggingu safnsins og þó sérstaklega verndun húsa á Wathnestorfunni. Gott væri ef Magnús Skúlason hjá Húsafriðunarnefnd ríkisins gengi til liðs við hópinn og stjórnarformaður safnsins þyrfti helst að sitja fundi.

SKÝRSLUGERÐ SÖGUSMIÐJUNNAR

Sumarið 2002 fékkst styrkur að upphæð 700.000 frá IMPRU til að gera áætlanir um uppbyggingu Tækniminjasafnsins. Styrkurinn var veittur til Seyðisfjarðarkaupstaðar – skrifstofu ferða- og menningarmála. Verkefnisstjóri yfir þessu verkefni er Aðalheiður Borgþórsdóttir ferða- og menningarmálafulltrúi. Það varð síðan að samkomulagi að starfsmenn Sögusmiðjunnar ynnu tillögur og áætlanir fyrir safnið – þá skýrslu sem nú liggur fyrir.

Það létti vinnuna töluvert að allmikil forvinna lá fyrir. Húsasaga Seyðisfjarðar eftir Þóru Guðmundsdóttir arkitekt kom að góðum notum, ferðabæklingar um Seyðisfjörð eru býsna vandaðir og upplýsingar um staðinn og safnið voru tiltölulega aðgengilegar. Pétur Kristjánsson forstöðumaður Tækniminjasafnsins hafði einnig unnið töluverða undirbúningsvinnu og var langt kominn með söfnunar- og sýningarstefnu og skipulagsskrá safnsins þegar vinna Sögusmiðjunnar hófst.

Eins voru margvíslegar hugmyndir um möguleika á uppbyggingu og starfsemi safnsins fyrir hendi þó þær væru ekki allar komnar á pappír. Vönduð greinargerð og viðskipta-áætlun um verkefnið Aldamótabærinn Seyðisfjörður hafði líka sitt að segja og auðveldaði vinnuna og gerði skýrslugerð Sögusmiðjunnar markvissari. Þetta er mikilvægt því fram

hjá því verður ekki litið að góðar greinargerðir og skýrslur eru vopn í lífsbaráttu menningarstofnanna eins og Tækniminjasafnsins.

Afrakstur erfiðisins:

Fyrir utan þessa skýrslu var gengið frá eftirfarandi pappírur á haustdögum 2002 í samvinnu Péturs Kristjánssonar forstöðumanns Tækniminjasafns Austurlands og starfsmanna Sögusmiðjunnar:

- Umsókn til fjárlaganefndar Alþingis um styrk af fjárlögum árið 2003 – bréf og greinargerð.
- Söfnunar- og sýningarstefna Tækniminjasafnsins.
- Skipulagsskrá Tækniminjasafnsins.

Sögusmiðjan hefur einnig skilað eftirtöldum gögnum sem tengjast verkefninu til Tækniminjasafnsins:

- Geisladisk með 65 ljósmyndum á tölvutæku formi frá ferðum starfsmanna Sögusmiðjunnar á Seyðisfjörð sumarið og haustið 2002. Tækniminjasafnið hefur allan rétt til að nota þær myndir að vild, til kynningar á sér og verkefninu.
- Skýrslu Sögusmiðjunnar frá 1999 með yfirskriftinni *Uppfinningar & símasaga – Texti og hugmyndir fyrir barnavef*. Sú skýrsla nýtist vonandi við vinnu að verkefnum tengdum sögu símans í framtíðinni.

Vinnan sem keypt var af Sögusmiðjunni var skilgreind þannig að unnin yrði skýrsla þar sem fram kæmu hugmyndir um verkefnið, tillögur um framkvæmdir og forgangsröðun þeirra, kostnaður við uppbyggingu væri áætlaður og gerðar tillögur um rekstur safnsins. Innan ramma verkefnisins átti jafnframt að vinna að eftirfarandi þáttum:

- Sýningarplani fyrir safnaþátt Aldamótabæjarins.
- Veita ráðgjöf varðandi safnastefnu Tækniminjasafnsins.
- Gera áætlun um fjölda starfsmanna, verksvið safnsins og afmörkun o.s.frv.
- Leggja fram hugmyndir um markaðssetningu og sölu.
- Setja fram hugmyndir um fjármögnun.

Starfsmenn Sögusmiðjunnar unnu að verkefninu í góðu samráði við Pétur Kristjánsson forstöðumann Tækniminjasafnsins og Aðalheiði Borgþórsdóttur ferða- og menningarmálafulltrúa Seyðisfjarðar. Farið var í þrjár vinnuferðir á Seyðisfjörð – í júlí, ágúst og september 2002. Símatæknin og tölvupósturinn voru einnig notuð töluvert við upplýsingaöflun og til að skiptast á skoðunum. Eins var fundað með allmörgum aðilum. Að verkefninu unnu fyrir hönd Sögusmiðjunnar þjóðfræðingarnir Jón Jónsson og Kristinn Schram. Einnig kom Arnar S. Jónsson að hugmyndavinnu og lokafrágangi skýrslunnar.

Samkvæmt samningi hefur Tækniminjasafnið og ferða- og menningarmálafulltrúi Seyðisfjarðar fulla heimild til að nýta alla þá texta og gögn sem urðu til innan verkefnisins, t.d. við gerð greinargerða og styrkumsókna, við gerð bæklinga, vefsíðna og upp-

setningu sýninga eða á annan hátt til kynningar á verkefninu. Því er lokaskýrslunni og öðrum gögnum skilað á tölvutæku formi og eru Seyðfirðingar eindregið hvattir til að nýta sér þessa pappíra út í ystu æsar.

Þannig er full ástæða til að nota ákveðna búta úr skýrslunni í smærri greinargerðir um einstaka þætti verkefnisins sem mögulegt er að fjármagna sérstaklega. Eins er ráðlegt að búa til sérstök skjöl úr þeim köflum sem þurfa að vera í sífelldri endurskoðun og breytast í takt við ákvarðanatöku safnstjórnar og eftir því sem verkefninu miðar áfram. Þetta á til dæmis við um framkvæmdaáætlun og kostnaðaráætlanir.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Í skýrslunni hér á eftir er gengið út frá því að hafist verði handa við 3-5 ára átaksverkefni sem felur í sér viðamikla og metnaðarfulla uppbyggingu Tækniminjasafnsins á Seyðisfirði. Hugmyndin er að uppbygging safnsins verði skilgreind sem uppbygging menningarartengdrar ferðaþjónustu og ekki verði einblínt á menningarleg markmið verkefnisins, heldur einnig kappkostað að safnið hafi sem mest áhrif á jákvæða byggðaðþróun og atvinnulíf á Seyðisfirði. Þessi vinna þarf að vera í samhengi við verkefnið um Aldamótabæinn Seyðisfjörð því safnið getur gegnt mikilvægu hlutverki og veitt hugmyndum um uppbyggingu ferðaþjónustu innan ramma Aldamótaverkefnisins öflugan stuðning.

Rökin fyrir því að ráðast í viðamikla uppbyggingu Tækniminjasafnsins tengjast í senn menningarstarfi og mannlífi, atvinnulífi, ferðaþjónustu og byggðaðþróun á Seyðisfirði. Því þarf markvisst að skipuleggja verkefnið þannig að það hafi jákvæð áhrif á sem flestum sviðum og safnið verði virkur þátttakandi í því samfélagi sem það starfar í.

Allmikil áætlanagerð og undirbúningsvinna fyrir slíkt átaksverkefni hefur verið unnin og fyrr á þessu ári var forstöðumaður Tækniminjasafnsins ráðinn í fullt starf sem var mikilvægur áfangi. Einnig hefur verið unnið markvisst að því að safnið uppfylli skilyrði sem þarf til að það verði viðurkennt af safnaráði. Það markmið er nú að komast í höfn og þar með verður rekstrargrundvöllur safnsins tryggður til framtíðar.

HELSTU VERKEFNI FRAMUNDAN

Tillaga okkar er að fyrstu skrefin í uppbyggingunni verði lagfæringar á Vjelasmiðju Jóhanns Hanssonar, en lagt er til að á allri fyrstu hæð hennar verður opnuð sýning sumarið 2003. Einnig verði gert átak í umhverfismálum á Wathnestorfunni, hús merkt með skiltum og unnið að smærri umhverfisbótum á svæðinu.

Hugmyndin er að öll Vjelasmiðjan verði opnuð til sýningar fyrir almenning á 100 ára afmæli hennar árið 2007. Þar verði í senn fróðleikur og lífandi sýning, menn að störfum í smiðjunni sem vinna á verkefnagrunni. Lagt er til að sama fyrirkomulag um vinnu á verkefnagrunni verði á trésmíðaverkstæði í Skipasmíðastöðinni.

Þá er lagt til að núverandi sýning Tækniminjasafnsins í Wathneshúsinu verði endurnýjuð og haldið með veglegum hætti upp á 20 ára afmæli safnsins árið 2004 og einnig 100 ára afmæli þess að síminn var tekinn á land á Seyðisfirði 1906. Stefnt er að markaðssetningarátaki sem hefst af krafti árið 2004 í tengslum við afmælissýninguna.

Samhliða þessu þarf sem allra fyrst að vinna að því að útvega safninu húsnæði fyrir skrifstofu, upphitaðar geymslur, móttöku og afgreiðslu. Þá verður að gera átak í safna-

starfinu sjálfu og lagt er til að áhersla verði lögð á að bæta stöðu mála í skráningu safnkostsins.

Þá er lagt til að skipulagt verði sérstakt átaksverkefni sem margir aðilar þurfa að koma að til að vernda og lagfæra bryggjuhúsin þrjú á Wathnestorfunni – Angró, Þórshamar og Skipasmíðastöðina. Sérstök áhersla verði lögð á Angró fyrst um sinn og það hús látið ganga fyrir við lagfæringar, þó auðvitað verði að koma í veg fyrir frekari skemmdir á hinum húsunum. Lagt er til að Angró verði í umsjón Tækniminjasafnsins sem fái húsið undir sýningar sínar. Þannig fái það hlutverk að nýju í menningar- og ferðaþjónustubænum Seyðisfirði.

KOSTNAÐUR OG FJÁRMÖGNUN

Eins og öllum má vera ljóst fylgir mikill kostnaður metnaðarfullum áformum í menningartengdri ferðaþjónustu. Til að Tækniminjasafnið geti orðið þar í fremstu röð á landsvísu þarf öflugan stuðning frá ríki, Seyðisfjarðarkaupstað og fyrirtækjum. Í ljósi myndarlegs stuðnings ríkisvaldsins við uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu víða um land er þó full ástæða til bjartsýni og óhætt að vænta mikils af verkefninu.

Í skýrslunni er framkvæmdaáætlun þar sem miklum umbótum hefur verið forgangsraðað. Til að standa undir uppbyggingunni sem hefur verið sett inn á þessa áætlun næstu þrjú ár þurfa aðstandendur Tækniminjasafnsins að tryggja sér rúmlega 60 milljónir í formi styrkja og framlaga á þeim tíma. Reikna má með að raunhæft sé að áætla að u.þ.b. helmingur þeirrar upphæðar komi úr ríkissjóði.

Utan þessara 60 milljóna er kostnaður við viðgerð 19. aldar bryggjuhúsana á Wathnestorfunni sem litið er á sem sérstakt verkefni sem mun fleiri en Tækniminjasafnið þurfa að koma að. Rekstur safnsins og sýninga þess er einnig utan þessarar tölu, enda þarf hann að vera óháður uppbyggingunni og mun væntanlega standa undir sér með framlagi bæjarins, rekstrartekjum og styrkjum úr Safnasjóði.

2. MARKMIÐ OG TILGANGUR VERKEFNISINS

Segja má að rökin fyrir því að ráðast í viðamikla uppbyggingu Tækniminjasafns Austurlands á Seyðisfirði tengist allt í senn menningarstarfi og mannlífi, atvinnulífi og jákvæðri byggðapróun. Þetta má glöggst sjá með því að taka saman markmiðin með fyrirhuguðu verkefni Tækniminjasafnsins. Fyrst skal nefna menningarlegu markmiðin:

- Að safna, skrá, varðveita og sýna muni og minjar sem hafa gildi fyrir sögu tækniþróunar á Austurlandi og Íslandi öllu.
- Að draga saman vitneskju um sögu tækniþróunar og uppfinninga á Íslandi með fræðilegum rannsóknum.
- Að draga fram sögulega sérstöðu Seyðisfjarðar og gera almenningi kleift að fræðast á aðgengilegan hátt um tækniþróun sem orðið hefur í ýmsum greinum hér á landi og áhrif hennar á daglegt líf Íslendinga.
- Að standa fyrir safnkennslu, námskeiðum og fræðslu, sem meðal annars miða að því að miðla þekkingu um verklag og vinnubrögð milli kynslóða.

Önnur markmið með verkefninu tengjast meira byggða- og atvinnumálum:

- Að stuðla að jákvæðri byggðapróun á Seyðisfirði.
- Að styrkja ferðaþjónustu á svæðinu með því að auka afþreyingarmöguleika og stuðla að verulegri fjölgun ferðafólks.
- Að gefa ferðamönnum á Seyðisfirði ríka ástæðu til að staldra lengur við.
- Að auka fjölbreytni í atvinnulífi bæjarins til frambúðar, bæta tækifæri ungs fólks til atvinnu á sumrin, skapa ný störf og margvíslega möguleika á aukatekjum.

Hér eru sett fram afar víðtæk markmið og stórhuga. Af því leiðir að sumar tillögurnar sem settar eru fram í þessari skýrslu eru líka býsna stórtækar og umfangsmiklar. Rétt er að hafa í huga að mikilvægt er að halda öllum þessum þáttum á lofti þegar verkefnið er kynnt og þegar leitað er eftir styrkjum – stundum hafa byggðarökin mest að segja, stundum atvinnurökin og margfeldisáhrifin fyrir önnur þjónustufyrirtæki og stundum menningarlegu rökin.

HVERS VEGNA MENNINGARTENGÐ FERÐAÞJÓNUSTA?

Það er af ýmsum ástæðum mikilvægt að aðstandendur Tækniminjasafnsins líti sérstaklega til hlutverks þess og verkefna sem menningartengdrar ferðaþjónusta, en einblíni ekki á hlutverk safnsins við minjavörslu.

Á alþjóðlegum og innlendum vettvangi hefur menningartengd ferðaþjónusta orðið sífellt fyrirferðarmeira umræðuefni og í kjölfarið hefur fylgt mikil uppbygging og stórauikið framboð á slíkri afþreyingu. Stjórnvöld hér á landi hafa tekið virkan þátt í þessari umræðu og uppbyggingu, eins og fjárveitingar Alþingis og störf nefnda á vegum Samgönguráðuneytis og Menntamálaráðuneytis sýna. Skýrslurnar sem eru afrakstur þeirrar vinnu er gagnleg vinnuþlögg fyrir hvern þann sem hefur áhuga á að láta til sín taka á þessu sviði: *Skýrsla samstarfshóps um menningarmál á landsbyggðinni* (gefin út af Menntamálaráðuneytinu 2000) og *Menningartengd ferðaþjónusta* (gefin út af Samgönguráðuneytinu 2001). Í síðarnefndu skýrslunni sem er samin af núverandi menntamálaráðherra, Tómasi Inga Olrich, var sett fram útfærð hugmynd um öflugan sjóð sem

stjórnvöld ættu að setja á laggirnar til að styðja með afgerandi hætti við vandlega undirbúin verkefni á sviði menningartúrisms.

Þessi aukna umræða um menningartengda ferðaþjónustu er ekki tískusveifla, þótt stundum sé látið að því liggja, ekkert frekar en þegar rædd er og boðuð aukin umhverfisvitund í ferðaþjónustu. Hér er á ferðinni varanleg breyting á áherslum. Hún verður varanleg vegna þeirra kosta sem fylgja uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu umfram aðra geira atvinnugreinarinnar, t.d. fjöldaferðamennsku eða þeirrar ferðaþjónustu sem byggir á náttúruskoðun.

Meðal þeirra kosta menningartengdrar ferðaþjónustu sem oftast eru nefndir eru mikil margfeldisáhrif sem verkefni hafa á þeim svæðum þar sem lagt er í vandaða uppbyggingu á þessu sviði – jákvæð áhrif á efnahag og mannlíf. Menningartúrismi opnar margvíslegar leiðir til þess að ferðafólk kaupi þjónustu og varning, og skilar því meiri fjármunum í kassa heimamanna á hverjum stað en aðrir geirar ferðaþjónustunnar. Einnig er kjörið að nota menningartengda afþreyingu til að flétta saman fróðleik og skemmtun, auka þekkingu á svæðum, eyða fordómum milli þeirra og ná eftirsóknarverðri stjórn á umferð ferðamanna. Hún stuðlar að heppilegri álagsdreifingu og fjölgar mögulegum áfangastöðum í huga ferðafólksins, bætir mannlíf á einstökum svæðum, opnar nýja möguleika á sjálfbærri þróun á landsbyggðinni, eykur fjölbreytni á vöruframboði og gefur mikla möguleika á þróun sértækra markaðshluta. Auk þess opnast ný færi fyrir útpenslu ferðaþjónustunnar í heild.

Jafnframt felur þessi þróun og uppbygging menningartúrisma í sér stóraukna samkeppni og stöðugt vaxandi þörf fyrir markvissa kynningu og markaðssetningu. Þannig leiðir uppbyggingin af sér verulega aukin gæði ferðaþjónustunnar og menningarstarfsins á landsvísi vegna aukinnar samkeppni milli svæða og aðila.

Rökin sem notuð hafa verið fyrir uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu hér á landi hafa verið allt í senn byggðasjónarmið, til að efla atvinnu og hafa jákvæð félagsleg áhrif. Með þessum rökum hafa viðamikil verkefni fengið stuðning, enda þurfa þau að vera stór í sniðum til að hafa þessi áhrif. Það er samt engan veginn sjálfgefið að öll svæði hefjist handa við uppbyggingu menningartengdrar afþreyingar. Slík ákvörðun verður að vera vel ígrunduð og yfirveguð og hún þarf að byggja á samanburði á ólíkum möguleikum á þessu sviði á hverju svæði. Mennt verða að vita hvers vegna þeir ætla að leggja í slíkt verkefni og hafa rökin á hreinu.

Þegar menn hefjast handa hlýtur það að vera vegna þess að menn eru fullvissir um að verkefnið sé gott. Það þarf að byggja á sérstöðu svæðisins og snúast um miklu meira en að byggja upp eitt safn eða sýningu. Áhrif á atvinnulíf, menningarlíf og mannlíf þurfa að vera umtalsverð og meta þarf gæði einstakra verkefna með tilliti til þessara þátta.

Það er jafnframt nauðsynlegt að hafa í huga þegar unnið er að fjármögnun menningarverkefna og færð rök fyrir því að tiltekið verkefni eigi rétt á styrkjum, að ástæðan sé fyrst og fremst sú að verkefnið sem slíkt sé frábært og ekkert minna. Hins vegar ber að varast að falla í þá gryfju að telja að styrkja beri menningartengd verkefni ef haldbestu rökin eru þau að lítið hafi komið af slíkum styrkjum í tiltekin héruð. Ef rökin eru ekki betri en þessi er verkefnið sjálft ekki byggt á nægilega traustum grunni. Niðurstaða bæði aðstandenda verkefna og styrktaraðila verður að vera sú að um mikilvægt þjóðþrifa-verkefni sé að ræða. Sú er sannarlega raunin með Tækniminjasafnið.

Verkefninu hlýtur að vera hleypt af stökkunum vegna þess að um góða hugmynd er að ræða sem hefur jákvæð áhrif, auk þess sem það er menningarlega og fræðilega mikil-

vægt fyrir landsmenn alla. Ekki eingöngu vegna þess að aðrir hafa staðið fyrir viðlíka verkefnum annars staðar á landinu.

REYNSLA ANNARRA AF UPPBYGGINGU MENNINGARTÚRISMA

Reynsla annarra svæða þar sem unnið hefur verið markvisst að stórhuga uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu er að flest þau háleitu markmið sem lagt er upp með skila sér með einum eða öðrum hætti. Ferðafólki fjölgar, ímynd einstakra staða getur batnað verulega og verkefnið hafa jákvæð áhrif á sjálfsmýnd íbúa, menningar- og mannlíf. Ekki má heldur gleyma því að þau fræðistörf og rannsóknir sem óhjákvæmilega fylgja verkefninu skila sér sem menningarlegur hagnaður til þjóðarinnar allrar. Þeirri vitneskju og upplýsingum sem tekst að grafa upp þarf að miðla á árangursríkan hátt og setja fram á athyglisverðan máta. Allt þetta er ætlunin að gera á Tækniminjasafninu.

Umsvifin við verkefnið geta orðið umtalsverð og það mun skapa störf, bæði við uppbyggingu og einnig við rekstur safnsins og gæslu á opnunartíma. Verkefnið mun skapa fræðimönnum atvinnu og handverksfólk fær aukin tækifæri til tekjuöflunar í tengslum við öflugt safn.

ÁVINNINGUR SEYÐFIRÐINGA

Meginmarkmiðið með verkefninu er að nýta sögu svæðisins til hvers kyns jákvæðrar uppbyggingar. Og það er ekki vanþörf á. Seyðisfjörður hefur, eins og margir aðrir staðir á landsbyggðinni, átt undir högg að sækja hvað varðar byggða- og atvinnuþróun. Samdráttur er einkenni síðustu áratuga. Störfum í frumgreinum atvinnulífsins hefur fækkað mikið á síðustu árum og íbúum fer fækkandi. Því er afar brýnt að efla og styrkja nýsköpun í ferðaþjónustu og auka fjölbreytni í atvinnulífi. Þegar fólksfjöldinn er ekki meiri skiptir hvert starf og hver möguleiki á aukatekjum meira máli en flestir geta ímyndað sér.

Fólksfækkun veikir þjónustugreinar á hverjum stað sérstaklega. Margvísleg ferðaþjónusta og einkanlega afþreying á hverju svæði á landsbyggðinni byggir oft að hluta til á þátttöku heimamanna, stundum jafnvel enn frekar en ferðafólksins. Jákvæð byggðaþróun er því ekki sist mikilvæg fyrir ferðaþjónustuna sem atvinnugrein, en um leið er gjarnan litið til uppbyggingar hennar sem aðferðar til að sporna við landsbyggðarflótta.

Íbúum í Seyðisfjarðarkaupstað hefur fækkað umtalsvert á síðustu árum og grátlegt til þess að hugsa að ekki er svo ýkja langt síðan þeir voru þúsund. Brýnt er að stöðva þessa óheillaþróun, en til þess þarf hörð viðbrögð á fjölmörgum vígstöðvum. Tækniminjasafnið þarf þar að leggja sitt af mörkum.

Á síðustu árum hefur íbúum í Seyðisfjarðarkaupstað fækkað allnokkuð:

	<u>1996</u>	<u>1998</u>	<u>2001</u>
Seyðisfjörður	831	805	773

Heimild: Hagstofa Íslands

SAMHENGI VERKEFNISINS VIÐ AÐRA UPPBYGGINGU Á SEYÐISFIRÐI

Ef af viðamikilli uppbyggingu Tækniminjasafnsins verður mun safnið með margvíslegum hætti leggja sitt af mörkum við að efla atvinnulíf og ferðaþjónustu á Seyðisfirði. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi sérstöðu bæjarins sem ferðamannastaðar, en hann er annar fjölfarnasti viðkomustaður ferðamanna inn og út úr landinu. Erfitt hefur reynst að fá ferjufólkið til að staldra við í bænum og er það reyndar svipuð reynsla og í mörgum ferjubæjum erlendis. Tækniminjasafnið getur orðið lykillinn að því að ferðamenn með Norrænu verji meiri tíma á staðnum með öllum þeim margfeldisáhrifum sem slíkt hefur í för með sér. Það er staðreynd að einungis með markvissum aðgerðum geta heimamenn hámarkað þann samfélagslega hagnað sem heimamenn geta haft af þeim hafnarframkvæmdum sem nú standa yfir vegna nýrrar Norrænu.

Til að safnið hafi sem mest áhrif er lögð mikil áhersla á að það sinni ferðaþjónustuhlutverki sínu með sóma. Í því skyni gerðist safnið aðili að verkefninu Aldamótabærinn Seyðisfjörður árið 2001. Markhópurinn í því verkefni er ekki síst íslenskir ferðamenn. Á þeim vettvangi á safnið að geta lagt sitt af mörkum við að laða fólk yfir Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar. Allar kannanir sýna að ferðafólki á Austurlandi á eftir að fjölga verulega á næstu árum og það er í höndum heimamanna á hverjum stað að færa sér þá staðreynd í nyt.

Möguleikarnir eru vissulega fyrir hendi. Gestum bæjarins mun fjölga vegna stærri Norrænu á næsta ári og markaðssetning fjórðungsins í heild hefur verið öflug síðustu árin. Verkefnið um Aldamótabæinn á örugglega eftir að hafa mikil og jákvæð áhrif og fjölga ferðamönnum verulega á næstu árum, en það vantar stuðning af öflugri uppbyggingu afþreyingar. Þann stuðning getur Tækniminjasafnið veitt, rétt eins og Menningarmiðstöðin Skaftfell sem er komin á góðan skrið og margvíslegir menningarviðburðir sem eru orðnir að árvissum atburðum á Seyðisfirði.

Verkefnið á líka að skila umtalsverðum árangri fyrir Tækniminjasafnið sjálft. Aðsókn að því hefur ekki verið mikil til þessa og lítið verið gert til að markaðssetja safnið. Nú er stefnan sett á að margfalda gestafjölda á fáum árum, auk þess sem opnunartími verður lengdur og starfsemin eflað verulega.


3. HÚSNÆÐI SAFNSINS OG WATHNESTORFAN

Wathnestorfan svokallaða samanstendur m.a. af bryggjuhúsunum Angró (1881), Skipasmíðastöðinni (1897) og Þórshamri (1882). Einnig er Wathneshúsið (1894) á þessu svæði og Vjelasmiðja Jóhanns Hanssonar (1907). Önnur mannvirki sem þyrfti að taka sterklega inn í myndina eru sölubúðin Turninn, bryggjurnar og slippurinn við Skipasmíðastöðina.

Wathnestorfan er mjög tengd starfsemi Tækniminjasafnsins, enda eru bæði hús safnsins, Vjelasmiðjan og Wathneshúsið, á þessu svæði. Því er vel mögulegt að Tækniminjasafnið gegni lykilhlutverki við að finna bryggjuhúsunum hlutverk með lifandi sýningahaldi og starfsemi á verkefnagrunni. Til að byrja með mælum við með að Tækniminjasafnið leiti eftir því að fá umráðarétt yfir Angró til að setja þar upp sýningar, Skipasmíðastöðinni til að hefja þar vinnu á verkefnagrunni og jafnframt að slippurinn og nágrenni hans verði útisýningarsvæði á vegum safnsins. Vel mætti hugsa sér að safnið eignist Angró, en þó er líka möguleiki að bærinn eigi húsið áfram og gerður verði langtímasamningur um að safnið hafi þar sýningaraðstöðu.

Hugmyndin er að betra og öflugra Tækniminjasafn á Seyðisfirði endurspegli innreið nútímans og nútímataekni á Íslandi á heildstæðan hátt þar sem öll Wathnestorfan væri notuð sem sýningarsvæði. Þá væri mjög mikilvægt að lífleg starfsemi fari fram í húsunum og á svæðinu öllu. Á torfunni væri kynnt hvernig hinir ýmsu þættir tækniþróunar og mannlífs studdu hvern annan og sköpuðu heildarsamverkun sem gerði fólki kleift að skapa og um leið takast á við stórtækar breytingar í lífsháttum og búsetuskilyrðum um og eftir aldamótin 1900.

Á kortinu hér fyrir neðan má sjá uppdrátt af Wathnestorfunni og nokkrum öðrum húsum sem tilheyrja safnasvæðinu. Húsin sem rætt er um hér á eftir eru eftirfarandi:



- 46. – Angró (1881)
- 47. – Wathneshús (1894)
- 51. – Vjelasmiðja Jóhanns
Hanssonar (1907)
- 53. – Skipasmíðastöðin (1897)
- 54. – Þórshamar (1882)

INNBYRÐIS TENGLI GÖMLU HÚSANA Á WATHNESTORFUNNI

Styrkja þarf innbyrðis tengsl gömlu húsanna á Wathnestorfunni og stöðu þeirra í umhverfinu. Það má gera með ýmsum hætti. Gönguleið um svæðið og tenging milli

bryggjanna sjávarmegin við bryggjuhúsin, merkingar og upplýsingaskilti við gömlu húsin og umhverfisbætur við slippinn hefðu þarna töluvert að segja.

WATHNESHÚSIÐ – GAMLA SÍMSTÖÐIN (1894)

Wathneshúsið (Hafnarbraut 44) sem var íbúðarhús Ottós Wathne, byggt árið 1894, er afar glæsilegt. Það er í svokölluðum sveitserstíl og þótti einstaklega vandað. Garður í stöllum umhverfis það þótti mikil nýbreytni, en nýstárlegast af öllu var þó vatnsveitan í húsinu. Vatn var leitt í járnþípum úr þró uppi í fjalli og mátti fá bæði heitt og kalt vatn úr krönum á báðum hæðum hússins. Þetta þótti mikið tækniundur á sínum tíma.

Í Wathneshúsinu var rekin ritsímastöð frá 26. ágúst árið 1906 og er húsið því oft kallað Gamla símstöðin. Mikla norræna ritsímafélagið keypti húsið af erfingjum Ottós Wathne árið 1905, síðan keypti Landsstjórnin allar eigur félagsins árið 1926 og Landssími Íslands tók við starfsemi þar til hann flutti í nýtt húsnæði 1973. Árið 1976 afhenti Samgönguráðuneytið Seyðisfjarðarkaupstað húsið undir safn. Á efri hæð þess eru sýningar á vegum Tækniminjasafnsins og það hefur einnig til umráða geymslur í hálfum kjallar-
anum.

Skrifstofur bæjarins eru á neðri hæð Wathneshússins. Til stóð að bærinn flytti úr húsinu í gamla barnaskólahúsið en það er enn í notkun. Ekki er ljóst á þessari stundu hvort og hvenær verður af flutningi. Hins vegar er mikilvægt fyrir safnastarfið að framtíðarstefna bæjarins að þessu leyti liggi fyrir – hvort stefnt sé að flutningi bæjarskrifstofunnar næstu árin. Ef safnið fær húsið allt undir starfsemi sína þyrfti að endurhanna sýningar og vinna framkvæmdaáætlanir út frá þeirri breytingu, auk þess sem hún gæti haft áhrif á húsnæðisþörf safnsins að öðru leyti. Best væri að safnstjórn fari þess á leit við bæjarstjórn með reglulegu millibili að fá skýr svör við þeirri spurningu hvort flutningur sé á stefnuskránni í náninni framtíð. Góð samskipti safnsins og bæjarstjórnar eru lykilatriði í verkefninu, þau verða að vera opinská og hreinskiptin. Engin mál mega vera of viðkvæm til að ræða þau.

VJELASMIÐJA JÓHANNSSONAR (1907)

Vjelasmiðja Jóhannssonar, síðar nefnd Vélsmiðja Seyðisfjarðar, hefur verið í eigu Tækniminjasafnsins frá árinu 1993, en þá var starfsemi hætta. Vjelasmiðjan er ein elsta vélsmiðja landsins, tekin í notkun 1907, en Jóhann Hansson frá Djúpvaggi hóf reyndar starfsemina í bráðabirgðahúsnæði á Seyðisfirði árið áður. Hann hafði lært vélsmíðar í Kaupmannahöfn og einnig starfað að iðn sinni í Noregi.

Góð frásögn af starfsemi í Vjelasmiðjunni er í *Iðnsögu Austurlands* eftir Smára Geirsson (fyrra bindi, bls. 236-50). Í þeim ritum er reyndar einnig sagt skilmerkilega frá mörgum öðrum iðngreinum á Seyðisfirði – ljósmyndun, elxírframleiðslu, prentiðnaði, efnaiðnaði, bókbandi, skósmíði, brauðgerð og bakstri, súkkulaðigerð, gosdrykkjaframleiðslu, efnagerð, sútunarverksmiðju og skipasmíðum.

Húsnæði Vjelasmiðjunnar er upprunalega húsið ásamt stækkun frá árinu 1918. Í smiðjunni er talsvert af upphaflegum vélbúnaði, bræðsluofn, túrbínur, eldsmiðja og fleira. Þarna er mikið af tækjum og munum sem tengjast starfsemi smiðjunnar og safn af mótum sem mun vera einstakt á landinu. Vélsmiðjan var ein hin besta á landinu á blómaskeiði sínu. Hún var í eigu sömu fjölskyldu frá upphafi og þar til rekstri var hætt 1993. Húsið hefur mjög mikið sögulegt gildi. Það er í sémilegu ástandi, en þarfnast nokkurs viðhalds.

Ætlunin er að í Vjelasmiðjunni verði annars vegar sýning og starfsemi á verkefnagrunni og hins vegar sýning um sögu smiðjunnar, stofnanda hennar og starfsmenn. Rætt hefur verið um að stofna félag stuðningsmanna Tækniminjasafnsins og ýmsir tilvonandi félagar þess eru tilbúnir til að taka þátt í að gera smiðjuna að lifandi sýningu.

Við austurhlið Vjelasmiðjunnar er viðbygging, kölluð Síbería. Best færi á því að hún yrði fjarlægð, en um það þarf auðvitað að semja við eigendur. Ekki bráðliggur á þessu, en brotthvarf hennar myndi opna svæðið ofan við Vjelasmiðjuna og bæta möguleika á úti-sýningu og útisvæði.

MÓTTAKA, AFGREIÐSLA OG GEYMSLUR FYRIR TÆKNIMINJASAFNIÐ

Eins og staðan er í dag þarfnast Tækniminjasafnið tilfinnanlega góðrar skrifstofuáðstöðu og mikil þörf er einnig á góðum upphituum geymslum. Þetta tvennt er grundvöllur þess að safnastarfið verði í þeim gæðaflokki sem ætlunin er. Vegna móttöku gesta er einnig þörf á aðstöðu fyrir handverksbúð og afgreiðslu, auk þess sem mikil not gætu verið fyrir góðan móttökusal sem jafnframt gæti gegnt hlutverki fyrirlestrar- og myndasýningar-salar.

Það er eitt af forgangsverkefnum ársins 2003 að leysa þetta mál. Lagt er til að athuga möguleika á að safnið eignist timburverkstæði eða trésmiðju sem er sambyggð Vjelasmiðju Jóhanns Hanssonar að vestanverðu. Verkstæðið er nú í eigu Garðars Eymundssonar. Vegna staðsetningarinnar hefur þetta hús nokkra kosti, það gæti orðið móttaka sýningarinnar og jafnvel væri hægt að gera innangengt úr því yfir í Vjelasmiðjuna.

Húsið er stórt, neðsta hæðin er um 250 fermetrar. Það myndi því vel rúma bæði safnastarfið og gestamóttökuna. Þar væri einnig pláss fyrir vandaðar geymslur, skrifstofu, forvörsluherbergi og vinnustofu, móttökusal, afgreiðslu, kaffistofu, sölu- og handverksbúð. Efsta hæð hússins er ansi merkileg. Þar eru teiknuð mót eða snið af skipum og sjást þess skýr merki á gólfí. Sjálfsagt þarf að forverja þessi snið.

Húsið er falt og hugsanlegt er að safnið geti eignast það, m.a. með því að yfirtaka lán frá Byggðastofnun að upphæð um 4,5 milljónir. Hugsanlegt er að fá því láni skuldbreytt þannig að afborganir séu til lengri tíma og lánið hækkað. Sá möguleiki er einnig fyrir hendi að Garðar hafi áfram trésmiðaverkstæði á neðstu hæðinni fyrst um sinn og tæki þar þátt í lifandi starfsemi safnsins og ynni að miðlun verkþekkingarinnar. Athuga þarf möguleika á sérstökum ríkisstyrk vegna húsakaupanna, en slíku þyrfti að ganga frá áður en af þeim yrði. Því er forgangsverkefni safnstjórnar að taka ákvörðun um þetta mál til að hægt sé að hefjast handa við að finna lausn á þessum málum sem allra fyrst.

BRYGGJUHÚSIN: ANGRÓ, SKIPASMÍÐASTÖÐIN OG ÞÓRSHAMAR

Bryggjuhúsin þrjú á Wathnestorfunni voru skoðuð í krók og kring af skýrsluhöfundum og ljóst af öllu að þau eru afar merkileg. Þau þyrfti að friða og fá styrki til endurbyggingar og lagfæringa. Tillaga okkar er að Angró verði látið ganga fyrir við framkvæmdir. Þó er nauðsynlegt að athuga hvort grípa þurfi til aðgerða til að koma í veg fyrir frekari skemmdir á Skipasmíðastöðinni, sem yrði þá líklega næst í röðinni. Einnig er sjálfsagt að ræða varðveislu Þórshamars við eigendur hússins sem eru Olíufélagið (Essó) með það á stefnuskránni að hefjast handa við áætlanagerð til að koma því í sem upprunalegast horf.

Í öllu falli er nauðsynlegt að á hverjum tíma sé framtíðarsýnin varðandi bryggjuhúsin skýr, menn hafi á hreinu hvaða hús eigi að varðveita, í hvaða röð eigi að gera þau upp,

hvers konar starfsemi eigi að vera í þeim og hvert hlutverk safnsins eigi að vera. Því liggur fyrir að safnstjórn taki stefnumótandi ákvarðanir út frá tillögum í þessari skýrslu.

ANGRÓ (1881)

Um bryggjuhúsið Angró hefur verið sagt að það sé vagga seyðfirsks atvinnulífs. Húsið sem einnig er nefnt Angrossen, Angróinn, Engros og Angros er stórmerkilegt og gildi þess fyrir umhverfið er líka mikið. Ottó Wathne reisti Angró árið 1881 og bjó þar sjálfur þar til hann flutti í Wathneshúsið hinum megin við götuna 13 árum síðar. Íbúðarhúsnæðið í Angró var í notkun allt fram á 8. áratug 20. aldar.

Leggja þarf mikla áherslu á að hefjast sem fyrst handa við endurbætur á Angró og einsýnt er að gefa húsinu hlutverk í tengslum við uppbyggingu Tæknimínjasafnsins á menningartengdri ferðaþjónustu í hæsta gæðaflokki. Í Angró ættu að vera sýningar og móttökusalur þar sem hægt væri að halda boð, fyrirlestra og ráðstefnur og jafnvel mynda- og kvikmyndasýningar sem hæfa viðfangsefninu hverju sinni.

Seyðisfjarðarbær eignaðist húsið árið 1929, en þangað til var það einkum notað undir starfsemi sem tengdist verslun og útgerð. Loft hússins var einnig notað til leiksýninga og samkomuhalds og þar var landkönnuðinum Friðþjófi Nansen haldin veisla er hann kom til Seyðisfjarðar árið 1910. Á stríðsárunum lögðu Bretar Angró undir sig og þá var þar kvikmynda- og danssalur á efri hæðinni, en verkstæði fyrir kafbátagirðingar á neðri hæðinni. Afgreiðsla Ríkisskipa var síðan í húsinu til 1977 og einnig hafði Eimskip þar aðsetur um tíma. Hin síðari ár var netagerð starfrækt í Angró.

Húsið hefur látið á sjá sökum skorts á viðhaldi, en innviðir eru ófúnir og heilir samkvæmt húsasögu Þóru Guðmundsdóttur. Hún segir húsið byggingar- og menningarsögulega einstakt í sinni röð. Þar virðist síst of sterkt til orða tekið.

ÞÓRSHAMAR (1882)

Þórshamar (Hafnargata 25) er 263 fermetrar að stærð, byggt 1882. Húsið hefur mikið sögulegt og umhverfislegt gildi, en ástand þess er ekki sem best. Eigandi var upphaflega danskt sildveiðifélag undir forustu V.T. Thostrup (Thostrupverslun), en félagið hætti störfum 1890. Þá eignaðist Ottó Wathne húsið. Síðar var þar rekin kramvöruverslun um tíma. Kaupfélag Austfjarða átti húsið frá 1941-67 og seldi þar mat- og byggingavörur.

Húsið er einföld smíði, veggir lágir (2,5 m) og ris hátt (5 m). Loft er yfir öllu húsinu. Það var að mestu byggt í sjó fram á staurum og fylgdi stór bryggja sem var endurgerð að nokkru leyti árið 1990. Þórshamar er í eigu Olíufélagsins Esso sem notar það sem olíu-lager. Olíufélagið lét stytta húsið um rúma 11 metra árið 1968. Þrýsta þarf á eiganda að taka húsið til endurbóta í samráði við Húsafriðunarnefnd.

SKIPASMÍÐASTÖÐ AUSTFJARÐA (1897)

Skipasmíðastöð Austfjarða (Hafnargata 31) hefur verulegt sögulegt gildi og er í raun einstakt dæmi um atvinnuhúsnæði frá því fyrir aldamótin 1900. Skipasmíðastöðin sem áður bar nöfnin Garðarshús og Fiskverkunarhús Svendsens hefur í gegnum tíðina þjónað

margþættum tilgangi. Þar hefur verið fiskveiðihús, kolasala, byggingarvöruverslun, skipasmíðastöð og trésmíðaverkstæði.

Ástand hússins er ekki gott. Í bók Þóru Guðmundsdóttur, *Húsasaga Seyðisfjarðar*, kemur fram að því hefur lítið verið haldið við um áratuga skeið. Þó var skipt um járn upp úr 1960 og hluti hússins þiljaður innan með panelklæðningum úr gamla Gránufélagshúsinu á Vestdalseyri. Jarðvegur hefur legið að veggjum hússins svo fótstykki og veggstoðir hafa fúnað. Árið 1980 kviknaði í húsinu út frá rafmagni og skekkti eldurinn og sveið burðarvirki og klæðningar í suðausturhorni þess. Viðgerðir eftir brunann miðuðust við að húsið hryndi ekki. Upphaflega voru þrjú ris á þakinu en fyrir 1906 var það komið undir eitt þak, svokallaðan mansard. Að okkar áliti ætti að varðveita húsið með þakið í þeirri mynd enda væri það þannig vitnisburður um ásýnd þess í 100 ár, en ekki einungis útlit þess fyrstu árin. Þannig yrði líka gott sýningarsvæði á efri hæð sem kjörið væri að nýta til að fjalla um húsagerðarlist og byggingartækni landsmanna og jafnframt um húsasögu Seyðisfjarðar.

Skipasmíðastöðin er sérstök bygging. Húsið er óvenju stórt, 466 fermetrar að grunnfleti, sennilega stærsta atvinnuhúsnæði úr timbri sem til er í landinu frá því fyrir aldamótin 1900. Þóra Guðmundsdóttir segir í bók sinni að sökum þess hve húsið sé einfalt að gerð sé frekar einfalt að gera við það. Eigandi hússins nú er Seyðisfjarðarkaupstaður, en Garðar Eymundsson leigir það undir trésmíðaverkstæði og geymslu.

FJARÐARSELVIRKJUN (1913)

Enn er ónefnt eitt hús sem þarf að taka til skoðunar í samhengi við þessa umræðu um hús sem ættu að tengjast safninu. Gera þarf formlegt samkomulag milli Tækniminjasafnsins og Rarik um varðveislu Fjarðarselvirksjunar og tryggja að tæki og tól sem henni tilheyrja verði varðveitt á staðnum.

Rétt er að safnstjórn óski eftir viðræðum við Rarik um þetta efni sem fyrst, til að skýra stöðu mála og kynna framtíðaráform Tækniminjasafnsins. Virksjunin er einn af lykilþáttunum í sérstöðu Seyðisfjarðar í tæknisögunni og hún er nefnd sérstaklega í stofnskrá og söfnunarstefnu safnsins. Varðveisla hennar er þar talin eitt af helstu hlutverkum þess. Í framhaldi af formlegum kynningarviðræðum væri rétt að skilgreina hlutverk safnsins í þessu sambandi og einnig að ákveða samstarfsverkefni tengd virksjuninni og sameiginleg markmið um varðveislu hennar.

FRÆDIMANNAÍBÚÐ

Hugmynd um gestaíbúð eða fræðimannaíbúð í tengslum við safnið var nokkuð rædd í ferðum okkar á Seyðisfjörð. Slík aðstaða getur vissulega gert mikið fyrir öflugt safnastarf og er góð aðferð við að koma á tengslum og efla samskipti við fræðimenn. Í söfnunarstefnu Tækniminjasafnsins er einmitt talað um að eitt af markmiðum safnsins sé að koma upp slíkri íbúð.

Sjálfsagt er að hafa augun opin fyrir möguleikum á fræðimannaíbúð, en þess þarf að gæta að henni fylgi ekki mikill kostnaðarauki. Meðan stærsta átakið í málefnum safnsins stendur yfir, næstu 5 árin eða svo, er að okkar mati réttast að bíða með fjárfestingu í fræðimannaíbúð. Niðurstaða okkar er að best fari á því að hún sé á langtímaáætlun og á meðan verði leitað eftir samstarfi við Menningarmiðstöðina Skaftfell sem heldur nú þegar úti listamannaíbúð á Seyðisfirði.

4. SAFNASTARFIÐ

Hefðbundið safnastarf er mikilvægasti þátturinn í hverju safni. Því þurfa bæði eigendur og aðstandendur að gera sér fulla grein fyrir. Söfnun muna og minja, nákvæm skráning þeirra og örugg forvarsla er sá grunnur sem gott safn byggist á. Miðlunin er aðeins sýnilegi hlutinn af vinnu á safni, toppurinn á ísjakanum.

Þrátt fyrir öflugt starf við uppbyggingu sýninga safnsins næstu árin má hefðbundið safnastarf ekki verða útundan. Eins og undanfarin ár verður því að sinna söfnun af krafti og leggja kapp á að gera átak í skráningu, forvörslu og geymslumálum.

SÖFNUN

Nú á haustdögum 2002 var samþykkt ítarleg söfnunar- og sýningastefna fyrir Tækniminjasafnið og einnig skipulagsskrá. Söfnunarsviðið og svæðið liggur því nokkuð ljóst fyrir og er vel afmarkað. Starfsmenn og stjórn geta gengið að því vísu hvað ákveðið hefur verið að leggja áherslu á og unnið að söfnun eftir söfnunarstefnunni. Hitt ber líka að hafa í huga að hún verður aldrei endanlegt plagg og þarf sífellt að vera í endurskoðun.

Áherslur Tækniminjasafnsins eru ólíkar venjulegum byggðasöfnum. Söfnunarsvæðið er Austurland, en óhjákvæmilega hefur Seyðisfjörður töluvert vægi í söfnunarstefnunni. Tímabilið sem safnað er frá tengist tæknibyltingunni sem varð fyrir og um aldamótin 1900 og sjálfgefið er að töluverð áhersla verði lögð á stærsta stökkið á fyrri hluta 20. aldar. Hins vegar teljum við einsýnt að Tækniminjasafn hljóti að safna tækniminjum til dagsins í dag og leggi áherslu á að tengja saman fortíð og samtíma við miðlun og sýningahald.

Í safnastefnunni kemur fram að áhersla er lögð á að safna handverki og tækjum sem snúa að iðnaði, elektroník, fjarskiptum, fjölmiðlum, almannaþjónustu, verslun og viðskiptum. Þetta er allt gott og gilt, en hins vegar verður ekki hjá því komist að vara við þeirri tilhneigingu heimamanna á þeim stöðum þar sem aðeins er sérhæft safn, að þrýsta á að það verði um leið eins konar byggðasafn. Miklu frekar ætti að stefna á öflugt samstarf við önnur söfn og forðast togstreitu um varðveislu muna, eftir því sem kostur er. Söfn hér á landi hljóta að fara að svara kalli tímans í auknum mæli og vinna saman. Millisafnalán vegna sýninga ættu að vera miklu meiri hér á landi. Sérhæfingin í safnastarfi og miðlun verður aðeins raunveruleg ef litið er á safnamál í landinu í heild og menn taka meira tillit hver til annars.

Hin almenna safnastefna og markmið ættu tvímælalaust einnig að miða að því að sýna tengsl tækniþróunar við líf fólk, ekki síst Austfirðinga og Seyðfirðinga. Áherslan í starfi Tækniminjasafnsins ætti að vera á persónusögu, ekki síður en á tæknina og verkmenninguna.

SKRÁNING

Staðan í skráningarmálum Tækniminjasafnsins er ekki nógu góð og talsvert vantar upp á að allir munir séu skráðir. Því er mikilvægt að gera áttak í skráningu muna safnsins sem fyrst, enda er góð skráning lykilatriði í safnastarfinu og grunnurinn að öfluglu starfi.

Tækniminjasafnið hefur gerst aðili að Sarpi sem er greinilega skráningarkerfi framtíðarinnar í minja- og munaskráningu hér á landi. Þetta er heillaskref og mikilvægt að fylgja því eftir með áttaki við skráningu á gersemum safnsins. Lagt er til að forgangsröðun við skráningu fylgi uppbyggingu sýninga að nokkru leyti, þannig að fyrst verði lögð áhersla á skráningu muna í Vjelasmíðjunni. Auk þess verði kappkostað að nýir gripir verði skráðir jafnóðum og þeir berast.

GEYMSLUR OG FORVARSLA

Ljóst er að safnið sárvantar upphitaða geymslu þar sem aðstæður eru allar eins og best verður á kosið, bruna- og þjófavarnir í lagi og passað upp á hita og rakastig. Í söfnum nú til dags eru þetta lykilatriði. Það er ljóst að það fer ekki nógu vel um hlutina sem nú eru geymdir í kjallaranum í Wathneshúsinu. Sama gildir reyndar um allar aðrar geymslur sem eru ekki hitaðar upp.

Hér framar er gerð tillaga um að leita eftir húsnæði fyrir geymslur og safnastarfið. Í öllu falli er mikilvægt að í því húsnæði séu tvenns konar geymslur, annars vegar langtíma-geymsla þar sem lítið þarf að hreyfa við munum og hins vegar vinnustofa eða vinnugeymsla þar sem hægt er að vinna að lagfæringum og forvörslu.

SAMSTARF INNANLANDS

Í safnastarfinu þarf að efla allra handa samstarf sem mest – heima fyrir, á landsvísu og út fyrir landsteinana. Þó þarf að sjálfsgöðu að varast að drukkna í samstarfsverkefnum, þau verða að vera vel valin og koma safninu til góða. Samstarfið sjálft má ekki vera helsta ástæðan fyrir að lagt er í tímafreka og kostnaðarsama vinnu.

Á heimavelli liggur beint við að leggja áherslu á að samstarf við verkefnið Aldamóta-bærinn Seyðisfjörður verði sem allra öflugast. Það hlýtur að koma öllum aðilum til góða. Einnig er sjálfsgætt að leita eftir góðu samstarfi við önnur söfn á Austurlandi.

Þá má nefna að samvinna við staði hér á landi þar sem sambærileg menningarverkefni eru í gangi væri mjög af hinu góða. Einkum hefur verið lítið til þess að taka upp samstarf á milli landshluta og sú hugmynd er ofarlega á blaði að leita eftir samvinnu milli Seyðisfjarðar, Siglufjarðar og Ísafjarðar. Slíkt samstarf myndi byggja á því að saga þessara staða er að nokkru leyti áþekkt. Einnig gætu staðirnir miðlað reynslu og upplýsingum sín á milli við uppbyggingu ferðaþjónustu og menningarverkefna.

Einnig er hugsanlegt að slík samvinna milli landshluta geti gefið aukinn slagkraft gagnvart fjárveitingarvaldi, sjóðum og styrkjum, innanlands og erlendis. Samstarfið myndi sýna fram á að þessi verkefni séu hafin yfir hreppapólitík og meting milli sveitarfélaga. Þannig væri verkefnið á hærra plani. Það gæti verið afrakstur af þessari samvinnu að búin væri til slóð þar sem ferðafólki væri beint af einum staðnum á annan. Einnig gætu nokkur söfn tekið sig saman um að nýta reynslu hvers annars og búið til teymi sem vinna að ákveðnum þáttum, t.d. við að sækja fjármagn í erlenda sjóði, leit að styrktaraðilum og vinnu við styrkumsóknir.

Ein hugmynd sem nefnd var í sambandi við vinnuna að verkefninu snérist um að taka upp samstarf við Vesturfarasetrið á Hofsósi um eins konar útibú frá því. Hugmyndin var að koma fyrir nöfnum þeirra sem fóru frá Seyðisfirði vestur um haf, t.d. á vegg úti við. Þessi hugmynd fellur ekki að hugmyndum Sögusmiðjumanna um verksvið Tækniminjasafnsins. Vel má vera að þetta kæmi skemmtilega út, en okkur finnst að margt annað sé mikilvægara fyrir safnið.

SAMSTARF VIÐ ÚTLÖND

Stefnan hefur verið sett á að byggja upp náið samstarf við sambærilegar safnastofnanir erlendis. Mjög þarf að vanda til undirbúnings þess og velja samstarfsaðila vandlega með það fyrir augum að samstarfið nýtist safninu sem allra best. Kynnisferðir eru nauðsynlegar vegna slíkrar samvinnu, ótækt er að ganga til leiks án þess að hafa séð og upplifað samstarfsaðilann á heimavelli hans. Undirbúningur fyrir styrkumsóknir erlendis er tímafrekur og kostnaðarsamur, en afraksturinn getur líka verið ríkulegur.

Nokkra aðila þarf til samstarfs, bæði þegar sótt er um Evrópustyrki og í norræna sjóði. Nefndir hafa verið nokkrir aðilar, einkum í Noregi, Kystmuseet í Sogn og Fjordane, auk safna í Flöru og Álasundi (sýndarsafn með söguleg tengsl).

Lagt er til að sem mest samstarf verði haft við verkefnið um Aldamótabæinn þegar leitað verður eftir samstarfi erlendis, enda eru hugmyndir um uppbyggingu safnsins og Aldamótabæjarins mjög samtvinnaðar og markmiðin þau sömu að mestu leyti.

RANNSÓKNIR

Í söfnunarstefnu Tækniminjasafnsins er sú nýjung miðað við flestar sambærilegar safnastefnur hér á landi að einnig er þar mótuð sýningar-, rannsóknar og fræðslustefna. Þetta er mjög gagnlegt og skilgreinir enn betur en venjan er verksvið og hlutverk safnsins. Þarna kemur skýrt fram að ætlunin er að efla mjög rannsóknir á sögu tækniþróunar og nýjunga hér á landi og áhrifum þessara þátta á daglegt líf. Áhersla verður lögð á öfluga safnfræðslu, útgáfuverkefni og samstarf við skóla og fræðimenn. Tækniminjasafninu er þannig í aðra röndina ætlað að verða fræðasetur þar sem rannsóknum, miðlun og útgáfu verður sinnt jöfnum höndum með hefðbundnu safnastarfi.

Forstöðumaður Tækniminjasafnsins hefur reyndar ávallt lagt áherslu á að sinna fræðilegri vinnu jafnhliða safnastarfinu. Því er ágætur grundvöllur til að byggja á. Safnið á allnokkuð af myndum og í vörslu þess eru skjöl sem þyrfti að fara yfir, skrá og rannsaka. Mörg rannsóknarverkefni mætti nefna sem skemmtilegt væri að taka fyrir, en við mælum með að fyrst um sinn tengist rannsóknir sem eru beinlínis unnar á vegum safnsins uppbyggingu sýninganna. Þar mætti t.d. nefna að taka æviatriði Jóhanns Hanssonar og fyrstu ár Vjelasmíðjunnar til nánari athugunar. Fleiri slík verkefni sem tengjast útvarpstækninni, fjarskiptum, húsbyggingum og húsasögu mætti skilgreina og sækja um styrki úr t.d. Nýsköpunarsjóði námsmanna til að ráða háskólastúdenta til að sinna þeim. Einnig ætti safnið að leggja áherslu á að styðja við og efla tengsl við fræðimenn sem sinna sögu Seyðisfjarðar eða sérhæfa sig í sögu tæknimeningar Íslendinga.

Vel má hugsa sér að í framtíðinni gegni starfsmenn safnsins einnig hlutverki við umsjón með sagnfræðilegri leiðsögn um Seyðisfjörð allan en ekki aðeins safnsvæðið.

DÆMI UM RANNSÓKNARVERKEFNI

- fyrir fræðimenn og nemendur (t.d. til styrkumsókna hjá Nýsköpunarsjóði námsmanna)

Standsetning fjarskiptabúnaðar

Raf- og útvarpstæknilegt verkefni sem miðar að því að koma í gang lampaviðtækjum, móttöku-tækjum og hljóðmögnum af elstu gerð sem eru í eigu safnsins.

Vjelasmiðjan

Saga Vjelasmiðju Jóhanns Hanssonar spannar langt tímabil og er saga einstaklinga ekki síður en tækni og iðnaðar. Hún spannar næstum alla tuttugustu öldina (1906-93) og er því saga margra kynslóða.

Viðtalsrannsóknir

Elstu menn á Seyðisfirði ættu enn að muna sitthvað óskráð frá því um 1920 og hafa eflaust frá mörgu að segja sem tengist tæknibyltingu 20. aldarinnar. Viðtalsrannsóknir geta að sjálfsgöðu fengist við sjónarhorn allra kynslóða, af nógu er að taka.

Guðfeður og guðmæður Seyðisfjarðar

Það gæti verið gott rannsóknarverkefni, til dæmis í kynjafræði, að draga fram þátt kvenna og kvenfélaga í uppbyggingu bæjarlífsins á Seyðisfirði og taka fyrir eina til tvær forvígiskonur eins og Guðrúnu Gísladóttur og Margréti Friðriksdóttur.

Flokkun og skráning frumheimilda

Gott væri að fá bókasafnsfræðing til að flokka og skrá frumheimildir.

Skráning á ljósmyndasafni Tækniminjasafnsins

Vinna þarf safnkennsluefni – t.d. um símatækni með verklegum æfingum

5. SÝNINGAR TÆKNIMINJASAFNSINS

Nýverið var samþykkt ítarleg og vönduð söfnunar- og sýningarstefna fyrir Tækniminjasafnið. Eftir þeirri stefnu þarf að vinna við uppsetningu sýninga, en að sjálfsögðu þarf einnig að endurskoða hana reglulega. Vænlegt er að byggja á þeim grunni sem til er innan safnsins og taka ákvarðanir um forgangsroðun við sýningar út frá því húsnaði og þeim munum sem mikið er til af á einstökum sviðum sem falla undir söfnunarstefnuna. Augljóslega er safnið sterkast á vélsmiðjusviðinu og fjarskiptin og símasagan eru einnig vel búin munum.

Því ætti áherslan að vera lögð á Vjelasmiðjuna til að byrja með, en jafnframt er mikilvægt að styrkja grundvöll safnastarfsins og sérstöðuna með því að vinna að grunnsýningu um Seyðisfjörð sem vöggu tækninnar. Næst er lagt til að menn snúi sér að Angró, lagfæringum á því húsi og uppsetningu sýninga þar.

SJÓNARHORN SAFNSINS VIÐ MIÐLUN

Það er mikilvægt við alla miðlun tæknisögunnar á vegum Tækniminjasafnsins að lagt er upp með ákveðið sjónarhorn eða hugmyndafræði. Lögð er áhersla á markvissa vinnu að því að beita aðferð sem kalla mætti þjóðfræðilega. Þannig er ætlunin að sýna ekki aðeins þá gripi sem beinlínis hafa gildi fyrir sögu tækniþróunar á landinu, heldur einmitt að setja þá í samhengi hvern við annan og umhverfi sitt, tísku og tíðaranda, tengja þá persónusögu og fjalla um áhrif tækninýjunganna á daglegt líf Íslendinga.

Sýna þarf hvernig tæknibreytingar á fjölmörgum sviðum eru samofnar breytingum á lífnaðarháttum og umhverfi. Aðeins þannig getur tekist að endurspeglar innreið nútímataekni á Íslandi á áhugaverðan hátt. Þetta sjónarhorn hefur einnig í för með sér að afar mikilvægt er að á vegum safnsins sé lífleg starfsemi, áhersla sé lögð á viðburði og upþákomur, móttöku hópa og safnkennslu jafnhliða hefðbundnu safnastarfi.

Almennar áherslur í safnastefnunni ættu að vera á persónum ekki síður en tækni og verkmenningu. Það þyrfti að leggja áherslu á persónurnar á bak við tæknina og hvernig þörfin á tækninni kallar á að fólkið þrói hana áfram. Persónusaga Seyðisfjarðar er rík af fólki sem vann að tækniþróun og því einsýnt að það sé dregið fram til að sýna hvers vegna svæðið var vaggja tækninnar hér á landi. Einstaklingar ættu að vera sýndir sem hreyfiafl tækniþróunar í stað ópersónulegs tíðaranda eða einhvers konar eðlilegrar framþróunar. Þannig verði fólkið á bak við tæknina dregið fram og sýnt hvernig tækniþörfin krefst þess að fólkið þrói hana áfram.

Sýningarnar þurfa að vera allt í senn skemmtilegar, gagnvirkar og fróðlegar. Þær þurfa að höfða bæði til barna og fullorðinna og gestir þurfa að fá að snerta og prófa, ekki bara að skoða myndir og lesa texta uppi á vegg. Reyndar eru komið af stað innan vébanda Tækniminjasafnsins verkefni sem snýst um að gestir hlusti á lifandi leiðsögn um sýningararnar úr búnaði sem er nýr hér á landi í stað þess að upplifa leiðsögnina í formi texta. Vel er hugsanlegt að Tækniminjasafnið þrói þennan búnað og selji til fleiri safna og menningarstofnanna á landinu.

AFMÆLISTENING SÝNINGANNA

Það er ljóst að á næstu árum er framundan verulegt átak í vinnu við sýningar safnsins. Tillaga okkar er að sérstakir áfangar þessarar vinnu verði tengdir þremur afmælisárum sem framundan eru. Árið 2004 verður Tækniminjasafnið 20 ára gamalt og árið 2006 verður þess minnst að 100 ár eru liðin frá því að sæsímastrengur var tekinn á land í Seyðisfirði og símalínur lagðar um landið. Árið 2007 er síðan 100 ára afmæli Vjelasmiðju Jóhanns Hanssonar. Ástæður fyrir þessari hugmynd eru margar, en einkum sú að þessi tenging auðveldar markaðssetningu og aðgengi að styrktaraðilum, ráðuneytum og fyrirtækjum, enda eru þá uppkomur, veislur og hátíðahöld hluti af hverju verkefni. Sníða þarf þessa hugmynd að markmiðum safnsins.

Því er hreinlega skynsamlegt, fyrir utan hvað það verður skemmtilegt, að þessum tíma-
mótum verði fagnað með myndarlegum hætti.

Afmælishátíðir framundan:

2004

20 ára afmæli Tækniminjasafnsins, þann 21. október.

2006

100 ár frá því að sæsíminn var tekinn á land á Seyðisfirði. Matseðill veislunnar sem haldin var í þessu tilefni árið 1906 er til í safninu. Nauðsynlegir samstarfsaðilar eru Samgönguráðuneytið og Landssíminn.

2007

Vjelasmiðjan 100 ára. Heppilegasti samstarfsaðili við verkefnið er Iðnaðarráðuneytið auk fyrirtækja.

2013

100 ár frá því að Fjarðarselsvirkjun var tekin í notkun. Samstarfsaðilar í verkefni sem hleypt yrði af stokkunum af þessu tilefni væru Rarik og e.t.v. Landsvirkjun og Iðnaðarráðuneytið.

EINSTAKAR SÝNINGAR Á NÆSTU ÁRUM

Vjelasmiðjan, sýningin þar og endurbætur á henni, er það verkefni sem er fremst í forgangsröðinni. Sú vinna snýr bæði að húsnæðinu, hreinsun á sýningar svæðinu og uppbyggingu sýningarinnar. Eins þarf að leggja áherslu á endurnýjun sýninga í Wathnes húsinu. Af stærri sýningum sem tillaga er gerð um að opna á næstu árum er lagt til að önnur beri yfirskriftina *Seyðisfjörður – vagma tækninnar á Íslandi* og hin myndi fjalla um *Sögu símans á Íslandi*.

Í söfnunar- og sýningarstefnu Tækniminjasafnsins kemur skýrt fram að leggja eigi áherslu á sérsýningar og litlar farandsýningar. Ætlunin er að ein slík sé ævinlega í vinnslu og önnur uppi við eða á ferðinni. Farandsýningar hafa auk menningarlegs ávinnings umtalsvert gildi við markaðssetningu safnsins og er öflugt tæki við að efla samstarf við

önnur söfn og sýningar. Safnið á eina slíka farandsýningu: *Húsin í bænum – húsasaga Seyðisfjarðar*, sem var gerð og sett upp á Seyðisfirði árið 1996.

Þá er nú lagt til að á árunum 2003-4 verði unnin lítil farandsýning, ætluð börnum og unglingum þar sem umfjöllunarefnið er saga símans og uppfinninga sem honum tengjast. Þessi sýning mun jafnframt tengjast markaðssetningu og undirbúningi sýningar og atburða á afmælisárinu 2006 þegar haldið verður upp á 100 ára afmæli símans.

AFMÆLISSÝNING - 2004

Fyrsta afmælisárið sem er framundan er 20 ára afmæli Tækniminjasafnsins árið 2004. Þá er lagt til að opnuð verði ný sýning á Seyðisfirði sem varpar á alhliða hátt ljósi á sérstöðu Seyðisfjarðar í sögu tækniþróunar hér á landi. Vinnutillinn sem lagður er til er *Seyðisfjörður – vaggja tækninnar á Íslandi*. Vinna við slíka sýningu myndi undirstrika sérstöðu Seyðisfjarðar að þessu leyti, auðvelda alla undirbúnings- og rannsóknarvinnu í framtíðinni og hefði einnig jákvæð áhrif á markaðssetningu og kynningu á verkefnum.

Að vissu marki gæti sú sýning sem nú þegar er uppi í Wathneshúsinu haft þessa yfirskrift. Hins vegar leggjum við til að sú leið verði farin að hún verði endurnýjuð og í rauninni enduropuð.

EL GRILLO - 2005

Tækniminjasafnið setti upp litla sérsýningu fyrir sumarið 2002 um olíuskipið El Grilló í húsnæði Seyðisfjarðarskóla. Samkvæmt tillögu í framkvæmdaáætlun er ætlunin að endurvinnna þá sýningu og auka umfang hennar verulega áður en hún verður sett upp aftur árið 2005. Sú sýning gæti í framtíðinni orðið hluti af fastasýningu Tækniminjasafnsins.

Sýningin ætti vel heima í Angró, en þar voru bækistöðvar herliðsins á tímum síðari heimsstyrjaldar, dansleikir og kvikmyndasýningar á efri hæðinni og verkstæði fyrir kafbátagirðingar niðri. Hins vegar þarf áherslan við sýningu um El Grilló að vera víðtækari en svo að einblínt sé á stríðið. Fjalla þarf um skipið frá upphafi, smíði þess og sögu, afdrif og afleiðingar. Eins þyrfti að ræða um áhrif skipsins þar sem það liggur á botni Seyðisfjarðar á umhverfi sitt, ásamt varnar- og hreinsunaraðgerðir sem tengjast því.

SAGA SÍMANS - 2006

Saga símans er samofin sögu Seyðisfjarðar. Því hlýtur, burtséð frá öllum afmælum, að vera ofarlega í forgangs röðinni að vinna að sýningu um sögu símans á Íslandi. Hugmyndin er að opna veglega sérsýningu um þetta efni árið 2006, en þá verða 100 ár liðin frá því að símastrengur var lagður hingað til lands og tekinn á land í Seyðisfirði. Drög að slíkri sýningu eru nú þegar uppi í Wathneshúsinu þar sem þróun fjarskiptatækninnar frá upphafi ritsímans hér á landi og fram til um 1980 er lýst. Þar er fjallað um komu ritsímans til landsins, lagningu fyrsta sæstrengsins og loftlínunnar um landið, auk þess sem sýnd eru símtæki og símstöðvar frá ýmsum tímum.

Hugmyndin er að byggja á þessum grunni og jafnframt að vinna að því að endurheimta í tilefni sýningarinnar sem mest af tækjabúnaði sem var notaður í húsinu við starfsemi ritsímans. Staðsetning þessarar sýningar og einnig sýningarinnar *Seyðisfjörður – vaggja tækninnar á Íslandi* er mjög háð því hvort bærinn flytur skrifstofur sínar úr Wathnes-

húsinu. Skemmtilegast væri ef símasýningin væri á neðri hæð Wathneshússins þar sem símstöðin var, sérstaklega ef hægt væri að fá upprunalega muni heim eða í millisafnaláni til langs tíma.

SÝNINGARNAR FRÁ SJÓNARHÓLI HÚSNÆÐIS OG UMHVERFIS

Nauðsynlegt er að skoða verkefnin sem framundan eru ekki aðeins út frá sjónarhorni einstakra umfjöllunarefna, heldur þarf einnig að skoða þau út frá því húsnæði sem nýta á til sýninga Tækniminjasafnsins á næstu árum. Hér á eftir verður því farið hús úr húsi – Wathneshúsið tekið fyrir, síðan Vjelasmiðjan, Angró og loks Skipasmíðastöðin. Að lokum verður fjallað um útsvæði sýningarinnar á Wathnestorfunni.

WATHNESHÚSIÐ

Ljóst er að um leið og farið er í að koma Vjelasmiðju Jóhanns Hanssonar í sýningarhæft ástand þarf að yfirfara sýningar í Wathneshúsinu. Í því felst að setja munina í betra samhengi, bæði við fólk og hvern annan (t.d. með samhengistextum og myndum), gera erlendar þýðingar á megintextum og koma hluta af tækjum safnsins í gang í því skyni að gera sýninguna gagnvirkari.

Samkvæmt sýningastefnunni verður áherslan í Wathneshúsinu á:

- Sögu ritsímans á Íslandi þann tíma sem hann starfaði í húsinu. Lítilsháttar yfirlit um þróunina eftir það.
- Ottó Wathne – maðurinn og verk hans. Ottó var mikill framkvæmdamaður, viðskipta-
jöfur og stjórnmalamaður. Hann gegndi leiðandi hlutverki við uppbyggingu
kaupstaðarins og þróun atvinnulífs á landsvísu.
- Þorsteinn Gíslason – líf og starf. Þorsteinn gerðist ungur símritari og var fyrsti
útvarpsmaður landsins. Hann smíðaði fyrstu þráðlausu fjarskiptatækin á Íslandi,
stundaði rannsóknir á fjarskiptasviði og var alla ævi mikill áhugamaður um
núttímataekni, menningu og listir.
- Borgarar í kaupstað – andblær liðinna tíma í rafmagnsbænum. Fjallað um hin nánu
tengsl Seyðfirðinga við útlönd og þær breytingar á mannlífi og menningu sem fylgdu
því að verða tæknivæddur kaupstaður.

VJELASMIÐJAN

Á sýningunni í Vjelasmiðjunni er eðlilegt að fjalla sérstaklega um sögu hennar og leggja áherslu á verkstæðið, málmbræðsluna og skipasmíðarnar. Fjalla þarf um fyrstu ár Vjelasmiðjunnar, vatnsaflsvirkjun sem knúði vélarnar, mannlíf í Smiðjunni og verkefni hennar fram á miðja 20. öld. Einnig verður gefið yfirlit yfir starfsemina fram að lokum fyrirtækisins. Þá liggur beint við að fjalla sérstaklega um Jóhann Hansson sem frumkvöðul í véltækni hér á landi. Rekja þarf æviferill Jóhanns.

Starfsemi smiðjunnar verður lifandi sýning á verkefnagrunni. Í því felst að Vjelasmiðjan taki til starfa að nýju og sinni verkefnum sem gætu tilheyrð vélsmiðju á fyrstu áratugum 20. aldar. Fyrstu verkefnið gætu t.d. verið endurnýjun og viðgerð á dráttarvél frá því um 1930 sem safnið á, þeirri fyrstu sem kom til fjarðarins og er því upphafið að vélvæðingu landbúnaðar á svæðinu. Á efri hæðum hússins er ógrynni af mótum, tækjum og munum er snerta starfsemi Vjelasmiðunnar í gegnum tíðina. Það er mikið starf að fara í gegnum það allt.

ANGRÓ

Í Angró er gert ráð fyrir blöndu af föstum sýningum og sal fyrir sérsýningar og farandsýningar. Farandsýningar safnsins yrðu settar upp á efri hæð hússins. Á föstum sýningum á neðri hæðinni er reiknað með að fjallað verði um margvíslegan iðnað og handverksmenn, m.a. gullsmíði, skósmíði og úrsmíði, einnig prentiðnað og jafnvel húsa-gerðarlist. Skrifstofa blaðamanns gæti vel átt heima þarna í tengslum við prentiðnaðinn. Sá sýningarhluti gæti verið í íbúðarhúsinu.

Móttökusalur eða hátíðarsalur ætti einnig að vera á efri hæðinni og þar þyrfti að koma upp aðstöðu til að hægt sé að halda veislur, móttökur og boð. Nota mætti salinn í Angró til dæmis við móttökur á vegum bæjarins og jafnvel einnig til mynda- og kvikmyndasýninga á vegum safnsins. Safnið á gamla kvikmyndatökuvél og myndir frá Seyðisfirði. Hátíðarsalinn væri líka hægt að nýta fyrir ráðstefnur, fyrirlestra og fundi.

SKIPASMÍÐASTÖÐIN

Í Skipasmíðastöðinni er töluvert langt í að hægt sé að setja upp og opna sýningu, öfugt við Angró þar sem hægt væri að opna sýningu á neðri hæðinni án verulegrar fyrirhafnar. Þó að áætlanir geri ráð fyrir að fyrst verði tekið til við lagfæringar á Angró væri samt gagnlegt að gera Skipasmíðastöðina nothæfa sem trésmíðaverkstæði sem starfað gæti sem sýning á verkefnagrunni. Þá væri verkstæðinu komið í gang og aðstaðan beinlínis notuð við þá vinnu sem framundan er við Angró. Þannig væri jafnóðum hægt að leysa úr þeim málum sem upp koma í Skipasmíðastöðinni. Þar vantar ýmislegt, eins og hin bryggjuhúsin, t.d. brunavarnarkerfi, umgengnis- og eftirlitsreglur.

Í framtíðinni mætti sjá fyrir sér að Tækniminjasafnið stæði bæði fyrir sýningu og starfsemi á verkefnagrunni í Skipasmíðastöðinni. Kjörrið væri að fjalla þar um trésmíðar, bátasmíðar og bryggjugerð, húsasmíðar og húsagerðarlist. Sérstaklega ætti að fjalla um tengslin við Norðmenn og Dani á þessu sviði, gömlu húsin á Seyðisfirði og þróun húsagerðarlistar innanlands. Leggja ætti áherslu á umfjöllun um húsin sem eru á safnasvæðinu sjálfu og fólk getur gaumgæft að innan og utan.

ÚTISÝNING Á WATHNESTORFUNNI

Nokkrum sinnum framar í skýrslunni hefur verið minnst á útisýningarsvæði eða gönguleið um Wathnestorfuna. Með því er átt við að svæðið utandyra verði einnig hluti af sýningarsvæði þar sem menn geta rölt á milli húsa og upp fyrir Wathnestorfuna eftir göngustíg. Á þessu útisvæði verði lítil skiltasýning þar sem sagt er frá húsunum og einnig ýmsir munir sem óhætt er að varðveita úti. Þannig verður Wathnestorfan sýningar- og göngusvæði þar sem áhersla er lögð á tímabilið frá 1880 til 1920 með heilðrænum hætti

og tengi húsin jafnframt saman. Sýningarskrá með korti af svæðinu væri nauðsynleg í þessu samhengi.

Gönguleiðin fyrir ofan húsin ætti að liggja frá Vjelasmiðjunni og austur upp í hlíðina þar sem eru rústir af stíflu, líklega vegna vatnsveitunnar í Wathneshúsið. Stífluna og hleðslur mætti gjarnan lagfæra. Þarna mætti gera litla göngubrú yfir lækinn og leggja leiðina þaðan niður austurbakka hans. Mikill járnhaugur er á bak við Vjelasmiðjuna sem þyrfti að fara í gegnum, hirða það sem nýtilegt er og fleygja öðru.

Garðurinn fyrir ofan Wathneshúsið er merkilegur, þar eru miklar hleðslur og hann er í stöllum. Á efsta stallinum er gosbrunnur sem þyrfti að taka í notkun að nýju. Vatnið í hann væri þá leitt úr læknum. Í læknum er reyndar flóðahætta sem taka verður mið af við framkvæmdir. Einnig mætti mjög gjarnan gera göngustíg neðan við gömlu bryggjuhúsin, þannig að gengið sé um bryggjurnar og gönguleið opnast neðan við húsin.

Atriði og hugmyndir er varða gönguleiðina og útisýninguna:

- Elsta háspennta bæjarveitan var ofan við torfuna.
- Setja mætti upp síma eða símaklefa þar sem hægt væri að hringja á milli húsa.
- Símastaura og línur mætti setja upp á útisvæði.
- Hægt verði að senda telex frá einum stað til annars innan safnsins. Við upphaf göngustígsins mætti t.d. senda sjálfum sér telex sem yrði sótt á öðrum stað við lok heimsóknarinnar.
- Hleðslur eru með bæjarlæknum og á hafnarsvæðinu. Það er háð leyfisveitingu að lagfæra þessar hleðslur, en það yrði sjálfsagt auðfengið.
- Reisa mætti gömul möstur við Tækniminjasafnið.

Framan við Vjelasmiðjuna þarf að leysa úr vandamáli vegna aðkomunnar. Þar eru óljós mörk milli gangandi umferðar og akandi, því ekki er gangstétt við götuna. Þetta mætti leysa á einfaldan og ódýran hátt með því að setja handrið framan við dyrnar svo menn álpist ekki út á götuna í veg fyrir bíl þegar þeir koma út af safninu. Þetta handrið þyrfti svo að vera hægt að fjarlægja yfir vetrartímam til að auðvelda snjómokstur.

Gaman væri að sýna með einhverjum hætti tæknilega innviði bæjarins og gera þá þannig hluta af sýningunni, t.d. með því að láta ýmis konar lagnir sjást undir plast- eða glergólfi, raflagnir og ljósleiðara, símastrengi, vatnsveitu og fráveitu – bæði gamla og nýja. Fyrsta vatnslögn og miðstöðvarhitun sem kunnar heimildir greina frá á Austurlandi voru lagðar í íbúðarhús Ottós Wathne á Seyðisfirði um 1895. Full ástæða væri til að sýna þetta með einhverjum hætti.

LEIÐSÖGN UM TORFUNA OG LAGFÆRINGAR Á UMHVERFINU

Nú þegar er boðið upp á leiðsögn um Wathnestorfuna af forstöðumanni safnsins og er mikilvægt að halda því áfram og þróa hana. Fara þarf vandlega yfir hvernig best er að varðveita og sýna hleðslur meðfram læknum, niður við sjó og einnig sjáanlegar minjar um veitu og stíflu. Ekkert virðist því til fyrirstöðu að veitt verði leyfi til endurgerðar þar sem það hentar, þótt mikið af minjunum séu eldri en 100 ára og því sjálfkrafa friðaðar.

Eins þarf að ræða hvort nauðsynlegt sé að fornleifaskrá Wathnestorfuna áður en ráðist verður í framkvæmdir, en bærinn þyrfti að standa fyrir því ef af verður.

Einnig þarf samkvæmt nýjum lögum um þjóðminjavörslu og fornleifar að hafa formlegt samráð við minjavörð Austurlands. Sækja þarf um leyfi fyrir öllum framkvæmdum þar sem kemur skilmerkilega fram hvað ætlunin sé að gera, hver tilgangurinn sé og loka-markmiðið með hverju mannvirki fyrir sig. Beiðnin um leyfi til endurbygginga er yfirleitt sterkari ef markmiðið er að koma hlutunum í eins upprunalegt form og hægt er. Þó þyrfti að leggja sérstaka áherslu á það hvað séu elstu minjarnar og hvort þeim skuli halda óbreyttum meðan aðrir hlutar þeirra séu endurgerðir. Óbreyttar friðaðar minjar geta haft meira minjagildi þótt endurgerðir munir kunni að hafa meira sýningargildi. Líklegast myndi það henta best að hafa bæði óbreyttar minjar og svo endurgerðar. Þannig mætti halda minjagildinu eins háu og hægt er. Þetta þarf að hafa í huga við allar lagfæringar.

SLIPPURINN OG AUÐBJÖRGIN

Auðbjörg er eikarbátur sem hætt var að gera út 1997 og hefur verið gefinn safninu. Auðbjörgin var smíðuð á Fáskrúðsfirði árið 1963 og er 11 tonn. Hugmyndin er að báturinn, sem þarfnast viðgerðar, verði settur upp til sýningar við hliðina á Skipasmíðastöðinni, í slippnum eða við hann. Safnið á teikningar af bátnum frá Siglingamálastofnun, en athuga þarf vandlega með hvaða hætti er best að haga forvörslunni og fá álit forvarða Þjóðminjasafnsins á því.

Auk þess að flytja Auðbjörgina að slippnum þarf að laga dráttarbrautina sem er frá árunum 1938-9 og var á vegum Vjelasmíðjunnar (rústberja, laga hjólin sem eru brotin, laga spilið og útdráttarvíninn). Giska má á að þetta útheimti tvo menn í tveggja vikna vinnu. Skoða þyrfti dráttarbrautina sérstaklega með tilliti til áætlana um að hafa Auðbjörgina á henni, hvort það geti verið skaðlegt fyrir brautina og hvað megi gera til að forverja hana. Eins þarf að taka umhverfið til athugunar og hreinsa til.

Sótt var um verkefnastyrk til Safnaráðs fyrir árið 2003 og meðal þeirra verkefna sem tiltekin voru þar eru lagfæringar á slipp og flutningur og forvarsla á Auðbjörginni.

BÍLASTÆÐI

Að sjálfsögðu þarf að huga að því að merkja bílastæði þar sem aðalmóttaka safnsins er. Hins vegar teljum við óþarft að gera stór bílaplön, nægilegt virðist vera að hafa lítil bílastæði á nokkrum stöðum. Aðalmálið er að gera vandlega grein fyrir því hvar stæðin eru. Einnig þarf að reikna með að hafa nægt pláss fyrir rútur fyrir utan safnið.

6. VERKEFNATENGÐ STARFSEMI SAFNSINS

Forstöðumaður Tækniminjasafnsins, Pétur Kristjánsson, hefur afar áhugaverðar skoðanir á sýningarstarfsemi og uppbyggingu safnsins. Hann vill að safnið sinni margvíslegum verkefnum og uppbygging þess verði um leið sýning. Fyrirmyndina sækir hann til Florö í Noregi.

Við Sögusmiðjumenn lögðumst yfir þessa hugmynd sem er nýstárleg hér á landi og reyndum af fremsta megni að sjá á henni kosti og lesti. Niðurstaðan var sú að kostirnir væru yfirgnæfandi. Þó er auðvitað ýmislegt sem þarf að reyna og gera tilraunir með í þessu sambandi og sjálfsagt eiga menn eftir að rekast á ýmsar hindranir. Hluta af þeim væri hægt að yfirstíga með nánu samráði við aðila sem vinna með þessum hætti erlendis.

SÝNING OG STARFSEMI Á VERKEFNAGRUNNI

Verkefnatengd vinna innan ramma safnsins eða sýning á verkefnagrunni sem stefnt er að við uppbyggingu Tækniminjasafnsins á Seyðisfirði ætti að verða ein helsta nýbreytnin í safnamálum hér á landi. Í Vjelasmiðju Jóhanns Hanssonar og Skipasmiðastöðinni yrði í senn sýning og lifandi starfsemi á verkefnagrunni, þar sem unnið er að verkefnum sem eru sambærileg við þau sem gætu hafa komið til kasta vélsmiðju og trésmiðju á fyrri hluta 20. aldar. Safnastarfsemi á verkefnagrunni er líklega algjör nýjung í safnastarfi hér á landi en þekkt víða erlendis.

Ætlunin er að í Vjelasmiðju Jóhanns Hanssonar verði gerðar tilraunir með lifandi sýningu á verkefnagrunni strax næsta sumar. Með því er átt við að með dyggri aðstoð stuðningsmannahóps Tækniminjasafnsins taki vélsmiðjan til starfa að nýju og sinni ýmsum verkefnum. Fyrir liggja verkefni sem tengjast munum í eigu safnsins, t.d. viðgerð á dráttarvél af gerðinni International frá því um 1930, þeirri fyrstu sem kom til Seyðisfjarðar og er upphafið á vélvæðingu landbúnaðar þar.

Annað verkefni sem hægt væri að vinna að á verkefnagrunni er viðgerð á slippnum við Skipasmiðastöðina og eikarbátnum Auðbjörgu sem safnið á og stefnan er að koma fyrir við slippinn og gera upp. Fyrir liggur að báturinn verður að líkindum fluttur þangað á árinu 2003.

Þriðja verkefnið sem hægt væri að vinna í tengslum við Tækniminjasafnið eru lagfæringar á gamalli Volvo rútu, en hugmyndir eru uppi um að nota bílinn til kynnisferða um Seyðisfjörð. Þarna gæti verið um eins konar sögu- eða safnarútu að ræða, sem færi um Wathnestorfuna til Þórarinsstaða og að Fjarðarselsvirkjun og til baka.

ÁVINNINGUR AF VERKEFNAVINNUNNI

Ávinningurinn af verkefnatengdu vinnunni er ekki síst sá að safnið verður að vissu leyti sjálfbært. Auk þess að safna, varðveita, rannsaka, nota, sýna og miðla eldri aðferðum í trésmíðum, málmíðnaði og öðrum iðngreinum getur safnið unnið að viðhaldi á eigin húsum, tækjum og munum. Um leið er þessi viðhaldsvinna til sýnis allan tímann. Slík starfsemi gefur mikla möguleika í safnkennslu, námskeiðahaldi og ekki síst í ferðamálum.

Ef þessi hugmynd er útfærð enn lengra má líta svo á að með verkefnatengdu vinnunni geti Tækniminjasafnið byggt upp sérfræðipækkingu sem nýtist einnig öðrum söfnum. Safnið getur þannig með tímanum í krafti þekkingar sinnar og reynslu auðveldlega sinnt verkefnum og sérfræðivinnu fyrir aðra og orðið mikilvægur hlekkur í samstarfi safna. Greina má af viðbrögðum þeirra safnmanna sem hugmyndin hefur verið kynnt fyrir að áhugi á slíku er mikill og þörfin fyrir hendi.

VANDAMÁL VIÐ VINNU Á VERKEFNAGRUNNI

Að okkar mati er líklegt að þau vandamál sem helst gætu komið upp tengist kostnaði við vinnuna að verkefnunum og eins er viðbúið að hugmyndir um sjálfbodavinnu hollvina safnsins og verksmiðjufélagsins komi ekki til með að ganga til lengdar. Sjálfsagt er þó að láta á þetta reyna og gera tilraunir. Kannski er þetta óþarfa svartsýni, en í öllu falli er mikilvægt að verkefnatengda starfsemin sé skemmtileg fyrir alla þá sem taka þátt í henni, jafnframt því að hún sé ekki íþyngjandi fyrir þá sem að henni koma og alls ekki fjárhagslegur baggi á safninu. Að okkar mati er líklegt að þessi vinna skili safninu tekjum í framtíðinni, ef vel gengur, en við teljum þó alveg ljóst að svo verði ekki fyrstu 3-5 árin.

Líklegt er að verkefnavinnan þurfi að vera starfrækt þannig að safnið greiði kostnað sem af henni hlýst, en fái í staðinn hluta af tekjunum við sölu framleiðslunnar. Starfsmennirnir við verkefnið fengju einnig hluta af sölu varnings eða vinnu sem unnin er á verkefnagrunni. Gæta þarf þess að meirihluti verkefna skili tekjum, en þau séu ekki ein-skorðuð við muni í eigu safnsins nema því aðeins að styrktaraðilar fáist í þeim tilvikum til að styðja við ákveðin og afmörkuð verkefni.

SAFNKENNSLA, NÁMSKEIÐ OG FYRIRLESTRAR

Öflug safnkennsla er eitt af einkennum góðra safna og borðleggjandi möguleiki til að efla gæði safnastarfsins á hvaða safni sem er. Mikilvægt er að unnið verði að verkefnum og fræðsluefni fyrir gesti á öllum aldri. Vel er hugsanlegt að sækja um styrki úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til að ráða háskólastúdenta til slíkrar vinnu.

Námskeiðahald og fyrirlestrar eru einnig góður möguleiki til að efla starf safnsins. Nauðsynlegt verður að greiða starfsmönnum með mikla þekkingu og reynslu fyrir kennslu, fyrirlestra og námskeiðahald, en jafnframt er líklegt að raunhæft sé að taka þátt-tökugjald fyrir og hugsanlegt er að safnið geti haft af þessu nokkrar tekjur þegar fram líða stundir.

7. BRYGGJUHÚSIN, HÚSAVERNDUN OG VIÐGERÐIR

Söguleg sérstaða Seyðisfjarðar felst ekki aðeins í þeirri staðreynd að þar er vagga tækninnar á Íslandi. Annað sem sérkennir Seyðisfjörð er sá mikli fjöldi gamalla húsa sem prýðir bæinn. Má fullyrða að staðurinn sé einstæður á landsvísu að þessu leyti og því liggur mikið við að varðveitt séu og vernduð sem flest af þeim húsum sem byggð eru um og fyrir aldamótin 1900.

VERKEFNI UM VERNDUN BRYGGJUHÚSANNA

Lagt er til að Tækniminjasafnið taki öflugan þátt í þessu starfi og stefni að því að verða leiðandi aðili í þeirri vinnu sem framundan er við verndun og endurbætur á bryggjuhúsunum þremur frá 19. öld sem standa á Wathnestorfunni – Angró, Skipasmíðastöðinni og Þórshamri. Það er hins vegar skoðun okkar að það myndi bera safnið og annað starf þess ofurlíði að ætla því að standa eitt og sér að slíku verkefni og taka á því ábyrgð.

Í því að verða leiðandi aðili við endurbætur á bryggjuhúsunum felst vinna við að koma á samstarfi milli eigenda þeirra og annarra aðila heima og heiman – Húsafriðunarnefndar, Þjóðminjasafns, Seyðisfjarðarbæjar, Aldamótaverkefnisins, Tækniminjasafnsins og fyrir-tækja sem geta tekið virkan þátt í þessari vinnu og fjármögnun hennar.

Einnig felst í þessu markviss vinna við að efla skilning manna heima og heiman á mikilvægi þess að Wathnestorfan haldi einkennum sínum og varpi þannig ljósi á ákveðið tímabil í sögunni. Vegna þeirra miklu menningarverðmæta sem í því felast má kalla nauðsynlegt að varðveita og hugsa um svæðið sem eina heild. Þetta má glögggt lesa úr húsakönnun Harðar Ágústssonar frá 1974 og eins úr stórvirkinu *Húsasögu Seyðisfjarðar* eftir Þóru Guðmundsdóttir arkitekt.

Ljóst er að kostnaður við lagfæringar húsanna hlýtur að verða mikill, margir tugir milljóna í hvert hús. Sögusmiðjumenn hafa ekki forsendur til að meta kostnað við þessa vinnu, en ljóst er að sú þekking er til staðar hjá Húsafriðunarnefnd og með aðstoð þeirra ætti að vera hægt að gera áætlun út frá reynslunni af viðgerð annarra húsa. Því er mikilvægt að fá fram álit forstöðumanns nefndarinnar á lagfæringum á einstökum húsum og kostnaði við ólíka verkþætti, auk þess sem leggja þarf mat á núverandi ástand húsanna. Þetta hlýtur að vera fyrsta skrefið í verkefni um verndun bryggjuhúsanna á Wathnestorfunni.

Vegna sérstöðu Seyðisfjarðar ætti tvímælalaust að gera bæinn að nokkurra ára tilrauna-verkefni á sviði húsafriðunar, þar sem ríkið kæmi inn með mikið fjármagn í endurbætur húsanna í bænum. Til að þetta geti orðið þarf að velja ákveðinn fjölda húsa sem unnið væri að innan ramma slíks verkefnis, hús sem hafa mikið sögulegt gildi og skipta máli fyrir bæinn almennt, bæði varðandi ferðaþjónustu, atvinnustarfsemi og mannlíf. Á Seyðisfirði væru bryggjuhúsin þarna ofarlega á blaði.

Húsafriðunarsjóður hlýtur ávallt að verða lykilaðili í slíku verkefni, en sjálfsagt er að ríkið taki einnig þátt í því með beinum hætti og bærinn og eigendur húsanna leggi sitt af mörkum. Um þetta þarf að gera þríhliða samning. Á hinn bóginn virðist ekki eins vænlegt að Húsaafn Þjóðminjasafnsins eignist einstök hús á Wathnestorfunni, enda er það

með mjög lága fjárveitingu eins og staðan er nú. Hefðbundnir styrkir frá Húsafríðunarnefnd eru einnig frekar lágir á hverju ári og því vandséð að hægt sé að hugsa sér nokkuð minna en stórverkefni um verndun þessara húsa. Allt getur þetta þó breyst.

Lykilatriði er að mynda breiðfylkingu um þessi hús, því Tækniminjasafnið hefur ekki bolmagn og burði til að standa eitt á bak við slíkt verkefni sem viðgerð þessara húsa er. Verkefnin sem framundan eru hjá safninu sjálfu eru yfirdrífín.

SEYÐISFJÖRÐUR - MIÐSTÖÐ HÚSAFRÍÐUNAR Í LANDINU?

Sjálfbæra og verkefnatengda uppbyggingin á Wathnestorfunni opnar vissulega ýmsa möguleika. Vinna safnsins á verkefnagrunni gæti vel tengst húsafríðun og endurbótum að töluverðu leyti. Smíða þarf fullt af járn og listum og gluggum og gereftum fyrir gömul hús og hvað má hugsa sér betra en að safn sem starfar á verkefnagrunni taki slík verkefni að sér.

Reyndar er vel hægt að hugsa sér að ganga enn lengra og gera Seyðisfjörð hreinlega að miðstöð húsafríðunar og endurbóta á gömlum húsum í landinu. Í Skandinavíu eru til þannig miðstöðvar fyrir uppgerð hús og vel má hugsa sér að það sama væri upp á teningnum hér. Wathnestorfan gæti þannig orðið miðstöð húsafríðunar á landinu, með flutningi höfuðstöðva Húsasafns Þjóðminjasafnsins, Húsafríðunarnefndar og Húsafríðunarsjóðs þangað, samhliða kröftugri eflingu þessara stofnanna af hálfu ríkisvaldsins.

Saga gömlu bryggjuhúsanna og margra annarra húsa á Seyðisfirði er samtvinnuð íslenskri menningarsögu. Viðhald þessara einstæðu og aldagömlu húsa er verkefni sem ber að sinna vegna varðveislugildis þeirra. Besta leiðin til þess er að þar sé lifandi starfsemi. Starfsemi Tækniminjasafnsins og áhugamannafélaga í bryggjuhúsunum og að hluta sjálfbær starfsemi þeirra er því einstakt tækifæri til að gefa gömlu atvinnuhúsunum nýtt líf.

8. REKSTUR TÆKNIMINJASAFNSINS

Síðustu ár hefur sýning Tækniminjasafnsins í Wathneshúsi verið opin yfir sumartímann, frá 15. júní til 31. ágúst frá kl. 14:00-18:00, alla daga vikunnar nema mánudaga. Safnið er opnað fyrir hópa utan hefðbundins opnunartíma. Með hliðsjón af því verkefni sem framundan er þarf að lengja opnunartímann strax á næsta ári. Þá hefur sú breyting orðið að forstöðumaður hefur verið ráðinn í fullt starf á heilsársgrunni og þetta hvort tveggja krefst þess að farið sé í saumana á rekstri safnsins, tekjur og útgjöld skoðuð vel og vandlega og rekstrargrundvöllurinn kannaður.

Til að söfn eigi rétt á rekstrarstyrk úr safnasjóði þurfa þau að vera opin að minnsta kosti 3 mánuði á ári og eins þarf að sýna fram á að rekstrargrundvöllur þeirra sé tryggður. Rekstur safna hér á landi er yfirleitt í járnum og starfseminni oft sniðinn þröngur stakkur, auk þess sem framlag ríkisvaldsins í Safnasjóð sem styrkir rekstur safnanna er allt of lágt. Oft stendur reksturinn því og fellur með framlagi sveitarfélaganna, þannig að það er nokkur hausverkur að setja fram tillögur um rekstur safnsins sem eru í senn skynsamlegar og spennandi í augum aðstandenda og starfsmanna.

OPNUNARTÍMI

Strax á næsta ári þarf að lengja opnunartímann frá því sem verið hefur. Tillaga okkar er að safnið verði opið á föstum tíma frá 1. júní – 31. ágúst, alla daga vikunnar. Sú venja að hafa lokað á mánudögum þekkist ekki hér á landi nema á Austurlandi, þótt hún sé vissulega algeng á söfnum víða í Evrópu. Þetta er einfaldlega spurning um þjónustu við þá sem áhuga hafa á að skoða safnið. Lengri opnunartími sýnir í verki að Tækniminjasafnið lítur á sig sem ferðþjónustuaðila, en ekki upphafna menningarstofnun sem ekkert tillit þarf að taka til óska almennings.

Einnig viljum við með sömu rökum að opnunartíminn á hverjum degi verði lengdur þannig að safnið verði opið að minnsta kosti frá kl. 11:00-18:00 og aftur leggjum við áherslu á að það verði svo alla daga vikunnar. Óheppilegt er að opnunartími sé ekki sá sami um helgar og virka daga, slíku er erfitt að koma á framfæri. Lengri opnunartími er auk þess atvinnuskapandi, gestum fjölgar og það ætti með tímanum beinlínis að borga sig miðað við auknar sértekjur sem fylgja. Það gerist þó líklega ekki strax.

AÐSÓKN OG AÐGANGSEYRIR

Aðsókn að Tækniminjasafninu hefur verið lítil síðustu árin, en hún ætti þó að aukast töluvert með aukinni starfsemi safnsins og lengri opnunartíma. Þó er erfitt að áætla hugsanlega aðsókn að safninu á næstu árum af nokkurri skynsemi. Það er þó nauðsynlegt að gera tilraun til þess til að hægt sé að setja starfseminni markmið og leggja mat á rekstrargrundvöll verkefnisins. Þær forsendur sem við leggjum hér til grundvallar hljóta annars vegar að vera gestafjöldi í fjórðungnum yfir sumartímann og hins vegar gestafjöldi í sambærilegri starfsemi annars staðar á landinu. Einnig verður að skoða áætlanir um þróun mála í heimsóknum erlendra gesta til Íslands.

Erlendum ferðamönnum hefur fjölgað mjög hér á landi síðustu árin og þeim fjölgi einnig verulega á næstu árum. Þannig hefur verið talað um að í kringum 2015 verði fjöldi

erlendra ferðamanna sem koma hingað til lands orðinn ein milljón, en þeir eru í kringum 300 þúsund nú. Rögnvaldur Guðmundsson ferðamálafræðingur, sem rekur fyrirtækið *Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar*, hefur lengi rannsakað þróun ferðaþjónustu hér á landi og hann telur þetta varlega áætlað. Þó markið væri ekki sett hærra en að fá 1% af þessum gestum á Tækniminjasafnið, er þar um umtalsverðan fjölda að ræða. Eitt prósent af 300 þúsund manns eru 3.000 gestir. Eitt prósent af milljón ferðamönnum eru 10.000 gestir.

Það er jafnframt mat ferðamálafræðinga að áhugi bæði Íslendinga og erlendra gesta á menningartengdri afþreyingu eigi eftir að aukast á komandi árum og heimsóknum hvers ferðamanns á sýningar eigi eftir að fjölga í beinu hlutfalli við vaxandi gæði í greininni. Það væri líka í samræmi við það sem gerst hefur í nágrannalöndum okkar sem hafa áratuga reynslu í vönduðu sýningarhaldi.

Við skoðun á mögulegum gestafjölda má einnig taka nokkurt mið af gestafjölda í sambærilegri starfsemi annars staðar á landinu. Byggðasafnið á Skógum er í sérflokki hvað aðsókn að söfnum varðar. Sagt er að þangað komi yfir 30 þúsund gestir á ári hverju. Flest önnur byggðasöfn fá aðeins lítið brot af þeim gestafjölda. Af sérsýningum og söfnum má nefna að Síldarminjasafnið á Siglufirði fær árlega 5-8 þúsund gesti, Vesturfarasetrið á Hofsi fær yfir 10 þúsund gesti og Galdrasýning á Ströndum um 7 þúsund.

Til langs tíma lítið hlýtur svipaður gestafjöldi og á Síldarminjasafninu að vera mjög hógvært markmið fyrir Tækniminjasafnið. Seyðisfjörður er að mörgu leyti miklu betur í sveit settur en Siglufjörður og ferjan og nálægðin við vinsælt ferðamannasvæði á Héraði ætti að hafa sitt að segja. Uppákomur og markaðsátak í tengslum við afmælisárin ættu líka að hjálpa mjög til við fjölgun gesta.

Áætlun um aðsókn og tekjur af aðgangseyri - markmið Tækniminjasafnsins			
Ár	Heildarfjöldi gesta	Þar af fullorðnir (70%)	Tekjur miðað við aðgangseyri kr. 400.-
2003	1.000	700	280.000.-
2004	2.000	1.400	560.000.-
2005	2.200	1.540	616.000.-
2006	4.000	2.800	1.120.000.-

Það er trú okkar að taflan hér að ofan sé frekar hógvær og hún einkennist örugglega ekki af of mikilli bjartsýni. Rétt er líka að benda á að líklegt er að aðgangseyrir hækki lítillega á næstu árum.

Langtímamarkmið sem að sjálfsögðu þarf að endurskoða út frá reynslu og framgangi verkefnisins gæti verið að fá 10.000 gesti á ári eftir 10 ár.

STARFSMANNAHALD

Ef horft er á málin út frá rekstrarkostnaði safnsins er starfsmannahaldið yfir sumartímann nokkurt áhyggjuefni og finna þarf góða og hagkvæma lausn á því. Ljóst er að ráða þarf

starfsmann auk forstöðumanns yfir sumartímann, til að leysa hann af og sinna gæslu á sýningunni. Þar sem sýningar safnsins verða bæði í Vjelasmiðjunni og Wathneshúsinu þurfa líka væntanlega að vera gæslumenn á báðum stöðum. Enn eykst rekstrarkostnaðurinn ef sýning sem þarfnast gæslumanns verður einnig í Angró. Hugsanlega er hægt að leysa þetta með því að starfsmenn sinni sérverkefnum eins og t.d. skráningu, auk þess að sjá um gæslu í einstökum húsum.

Þessi mál þarf að skoða vandlega og hugsanlegt er að hluti sýninganna verði þannig uppsettur að ekki þurfi sérstaka gæslumenn. Það gæti t.d. átt við um Vjelasmiðjuna á þeim tíma sem verkefnatengda starfsemin sem fjallað er um fyrr í skýrslunni er í gangi.

REKSTRARKOSTNAÐUR

Helstu kostnaðarliðir við rekstur á Tækniminjasafninu eru laun og launatengd gjöld (ath. að allur kostnaður við uppbyggingu safnsins er færður í sérstaka áætlun síðar í skýrslunni). Einnig er fyrirséður kostnaður vegna rafmagns og húshitunar og viðhald húsnæðisins kostar að sjálfsögðu sitt. Tryggingar þurfa að vera góðar og posaleiga og sími kosta sitt. Þá liggur kostnaður í þrífum og hreinlætisvörum, auk þess sem skrifstofurekstur hlýtur að verða allhár gjaldaliður. Ferðakostnaður, námskeið og fundahöld eru líka útgjaldaliðir sem ætti að færa á rekstur.

Áætlanir um uppbyggingu safnsins gera ráð fyrir að allur kostnaður við uppbyggingu sýninganna, markaðssetningu safnsins, fjárfestingu í húsnæði og viðhald þess og breytingar á því næstu árin sé hluti af kostnaði við uppbyggingu sem sérstaklega er fjallað hér um á eftir. Eftir að átaksverkefningu lýkur er hins vegar eðlilegt að markaðssetningin og viðhald húsnæðisins og endurnýjun sýninga verði hluti af rekstri safnsins. Þannig er ljóst að eftir 3-5 ára átaksverkefnið við uppbygginguna mun rekstrarkostnaður aukast þegar þessir þættir bætast við.

Reikna má með að lágmarkskostnaður við einstaka liði rekstrarins verði sem hér segir:

➤ Laun og launatengd gjöld	3.500.000.-
➤ Skrifstofukostnaður, sími	150.000.-
➤ Tryggingar, rafmagn, hiti	200.000.-
➤ Ferðakostnaður	200.000.-
➤ Fundir, ráðstefnur, námskeið	120.000.-
➤ Skráningarátak og söfnun muna og minja	500.000.-
➤ Varðveisla safngripa, forvarsla, geymsla, viðgerðir	250.000.-
Samtals:	4.920.000.-

REKSTRARTEKJUR OG STYRKIR

Nú sér fyrir endann á því ferli að Tækniminjasafnið verði viðurkennt af safnaráði en undirbúningur þess hefur verið í fullum gangi síðustu mánuði. Sú viðurkenning er nauðsynleg til að tryggja rekstur safnsins til framtíðar. Einnig er mikilvægt að safnið hafi eigin kennitölu og eigin bankareikning sem tekjur safnsins, styrkir og framlög verði lagðir inn á, þótt Seyðisfjarðarkaupstaður sjái um bókhaldið. Aðeins með þeim hætti er hægt að segja með góðri samvisku að safnið hafi sjálfstæðan fjárhag, sem einmitt eitt af skilyrðum fyrir rekstrarstyrk úr Safnasjóði.

Gróflega má reikna með að árlegar tekjur verði eitthvað í eftirfarandi átt næstu árin (miðað við meðaltal í áætlun um aðgangseyri). Hér er verið að ræða um allar rekstrar-tekjur safnsins. Hvað varðar tengd verkefni, eins og t.d. starfsemi safnsins á verkefna-grunni, námskeiðahald, uppákomur og útgáfuverkefni, er til að byrja með óráðlegt að gera ráð fyrir hagnaði. Þeim er fyrst og fremst ætlað að standa undir kostnaði, en reikna má með hagnaði af einstaka sérverkefnum þegar til langs tíma er litið.

➤ Ríkisframlag – rekstrarstyrkur frá Safnasjóði:	1.200.000.-
➤ Aðrir rekstrarstyrkir – heima fyrir:	300.000.-
➤ Aðgangseyrir:	650.000.-
➤ Minjagripir og söluvarningur:	220.000.-
➤ Stuðningsmannafélag:	80.000.-
Samtals:	2.350.000.-

Í grófum dráttum þýðir þetta reiknisdæmi að framlag Seyðisfjarðarkaupstaðar til rekstrar safnsins á ári næstu 3-4 ár þarf að brúa bilið milli tekna og gjalda. Miðað við þessa uppsetningu þyrfti framlag bæjarins til rekstrarins að vera um það bil 2,5 milljónir á ári. Þá er framlag bæjarins til átaksverkefnisins við uppbyggingu safnsins ekki talið með.

HOLLVINASAMTÖK

Þar sem sértekjur safnsins eru litlar verður að leita leiða til að auka þær. Ein aðferðin til þess er að stofna eins konar áhugamannaklúbb eða stuðningsmannafélag við safnið. Af félögum í því væri hægt að innheimta árgjald, á bilinu 1-2 þúsund krónur á mann. Engar skyldur yrðu lagðar á félag, en að sjálfsögðu er líklegt að félagar í slíkum hollvinasamtökum hugsi hlýlega til safnsins og séu reiðubúnir að aðstoða við ýmis verkefni. Ef 50 manns ganga í slíkt félag getur það skilað 50-100 þúsund krónum á ári inn í reksturinn.

Eitthvað yrðu félagarnir í hollvinasamtökunum að fá fyrir snúð sinn á móti árgjaldinu og sennilega væri vænlegast fyrir safnið að þeir fengju ókeypis aðgang að sýningum. Með því móti væri líklegra að Seyðfirðingar sem vilja heimsækja safnið oft á sumri, t.d. til að fylgja gestum sínum þangað, gengju í félagið. Eins væri möguleiki að gefa félögum afslátt í safnbúðinni.

SÖLUVARNINGUR

Önnur leið til að auka sértekjur safnsins snýst um að láta framleiða varning og selja, auk þess að taka margvíslegan söluvarning og minjagrip í umboðssölu. Raunhæft og æskilegt framtíðarmarkmið fyrir slíka safnbúð er að tekjur hennar verði um það bil helmingur af tekjum safnsins af aðgangseyri. Slíkt tekur þó tíma, en tvímælaust ætti að nota safnbúðina sem hjálpartæki við að efla samstarf við handverksfólk og listamenn á staðnum. Þetta kemur að sjálfsögðu til með að reyna á hugmyndaflug framleiðandanna og starfsmanna safnsins, en rétt er að taka mið af sérstöðu safnsins við val á söluvarningi.

9. MARKAÐSSETNING

Öflug kynning er Tækniminjasafninu og sambærilegum verkefnum mikilvæg og nauðsynlegt er að nýta sem flesta miðla til markaðssetningar. Verkefnið hefur markmið sem nær út fyrir það sjálft og því er mikilvægt að flétta Seyðisfjörð, Aldamótabæinn og Tækniminjasafnið rækilega saman í allri kynningu. Markmiðið er ekki aðeins uppbygging safnsins og sýninganna, heldur er verkefninu einnig ætlað að efla atvinnulíf og ferðaþjónustu og markaðssetja Seyðisfjörð. Öll markaðssetning þarf að taka mið af þessu. Einnig er rétt að ítreka og undirstrika strax í upphafi að uppbyggingin sjálf er mikilvægasta markaðssetningin.

Afar mikilvægt er að fjölga gestum safnsins á næstu árum. Gestafjöldinn hefur meiri áhrif á viðhorf til safna en menn grunar, bæði heimamanna og gesta, eigenda og styrktaraðila. Sértekjur aukast að sjálfsögðu líka með fleiri gestum og safnið verður sjálfbærara, en það er samt lítils virði miðað við áhrifin sem fjölgun gesta hefur á viðhorf og ímynd safnsins.

Það má heldur ekki gleyma að öll markaðssetning nær líka til styrktaraðila og því er mikilvægt að menn virki markaðssetningarátakið og afrakstur þess í þágu fjármögnunaráttunnar. Ætlunin er að afla fjár til að byggja safnið upp og gera við gömlu húsin. Það er því ekki bara markaðssetning safnsins sem þarf að hugsa um, markaðssetning verkefnisins í heild er jafn mikilvæg.

MARKAÐSSETNINGARÁTAK

Tækniminjasafnið fær nú u.þ.b. 400 gesti á ári, en í síðasta kafla var stefnan sett á að fjölga þeim tífalt og fá að minnsta kosti 4000 gesti frá og með árinu 2006. Til að slík breyting verði á aðsókn þarf átak við markaðssetningu. Mælt er með að slíkt átak verði undirbúið 2003 og hleypt af stokkunum árið eftir.

Ástæðan fyrir því að ekki er lagt til að hefja markaðsátakið strax er að ákveðin grunnvinna við að auka gæði sýninga safnsins þarf að vera búin áður en markviss vinna við að fjölga gestum hefst. Þarna er um að ræða vinnu sem gert er ráð fyrir að farið verði í á næsta ári samkvæmt framkvæmdaáætlun. Á árinu 2003 er hins vegar hyggilegt að einbeita sér að verkefnum sem snúa að kynningu safnsins innanbæjar. Markmiðið ætti að vera að tilvist safnsins megi frá og með sumrinu 2003 ekki fara fram hjá neinum sem á Seyðisfjörð kemur.

AÐ NÁ AUGUM OG EYRUM GESTA SEYÐISFJARÐAR ...

Til að menn sæki Tækniminjasafnið heim verður það að vera merkt með áberandi hætti í kaupstaðnum. Þar sem komið er inn í bæinn þarf að vera skilti þar sem gestir eru boðnir velkomnir á safnið og aftur þar sem ekið er inn á Wathnestorfuna. Opnunartími þarf að koma fram. Slíkar merkingar við þjóðveginn eru bundnar við staðla Vegagerðarinnar og mikilvægt að eiga gott samstarf við hana um að koma upp vönduðum upplýsinga- og þjónustuskiltum.

Fyrir utan safnið þurfa fánar að blakta við hún, t.d. með merki bæjarins og merki safnsins sem þarf að vera fyrir hendi. Á Wathnestorfunni þarf líka að vera fleira til að fanga athygli fólks og fá það út úr bílum. Þannig væri t.d. góð hugmynd að flytja fallbyssuna úr El Grilló, sem nú er lent á uppfyllingunni vegna nýju hafnarinnar, á safnasvæðið á Wathnestorfunni. Útisýningin, gönguleiðin og skilti við húsin á Torfunni, sem tillaga er gerð um í kaflanum um sýningar safnsins, gegna sama hlutverki.

Ein af þeim hugmyndum sem komu upp í vinnunni við verkefnið snýst um að nýta gamla slökkvibíla í eigu Slökkviliðsins á Seyðisfirði til að auglýsa safnið. Þeir gætu staðið á góðum stað í bænum, væru kannski færðir til öðru hverju og best væri ef einhver rúntaði um á þeim á góðviðrisdögum. Á þá væri hægt að festa skilti sem á væri auglýsing um Tækniminjasafnið og opnunartíma, auk þess sem þar gæti verið skemmtilegt slagorð með teikningu. Bílarnir sjálfir væru skemmtilegir sýningargripir sem settu svip á bæinn um leið og þeir markaðssetja safnið.

Önnur hugmynd er að setja upp hér og þar í bænum tækniskúlpúta sem minna á safnið og eru um leið eins konar minnisvarði um tæknibyltingu síðustu aldar. Þeir gætu verið 5-10, mismunandi að gerð og jafnvel gerðir af mismunandi listamönnum sem gengju til liðs við safnið af þessu tilefni. Slíkt verkefni gæti orðið skemmtilegur atburður í sjálfu sér, uppákoma sem gæti fangað athygli fjölmiðla og vakið athygli á safninu.

Einnig var við verkefnavinnuna rætt um skemmu SR-mjòls sem stendur á Wathnestorfunni í samhengi við markaðssetninguna. Þar sem það hlýtur að teljast ólíklegt að skemman verði fjarlægð eða flutt á næstunni til að styrkja innbyrðis tengsl bryggjuhúsanna, er e.t.v. hægt að gera hana að liðsmanni Tækniminjasafnsins. Á hana væri t.d. hægt að mála stórum stöfum slagorð eins og *Seyðisfjörður – vagga tækninnar á Íslandi*. Við viljum þó undirstrika að slíka framkvæmd sem hugsanlega myndi draga athyglina frá bryggjuhúsunum og að skemmuni þyrfti að teikna vel upp áður en ráðist yrði í framkvæmdir. Menn verða að vera öruggir um að þetta verði smekklegt.

VEGGSPJÖLD, BÆKLINGAR OG DREIFING ÞEIRRA

Mörg söfn gefa út veggspjöld og kynningarbækling eða taka þátt í gerð þeirra með öðrum ferðaþjónustuaðilum. Í þessu sem öðru er nauðsynlegt að vanda til verka. Illa gerður bæklingur, t.d. viðvaningslega þýddur eða með ljósrituðum myndum, er stundum verri en enginn. Bæklingar geta verið einfaldir að gerð og ódýrir, en samt vandaðir. Nauðsynlegt er að huga vel að textagerð, útliti og pappírsvali.

Gott er að nota áhugaverðar myndir, kort og stutta texta sem freista þess að fræða lesandann. Bæklingar þurfa að þjóna markmiðum sínum, sumir miða að því að laða fólk á svæðið og í heimsókn á safnið, en aðrir hafa fyrst og fremst þann tilgang að skemmta gestum sem mættir eru á staðinn og fræða þá um umhverfið.

Ekki er nóg að vandað sé til verka við bæklingagerðina, heldur þarf dreifingin líka að vera góð. Hér þarf fyrst og fremst að hafa hliðsjón af því hvert ferðamenn leita eftir upplýsingum og sjá til þess að bæklingurinn liggja frammi á þeim stöðum. Hér koma ferjan og upplýsingamiðstöðin á Egilsstöðum strax upp í hugann. Aðrar upplýsingamiðstöðvar eru líka mikilvægar í þessu sambandi og huga þarf að sérstöku kynningarefni sem ferðaskrifstofur og leiðsögumenn geta nýtt sér. Það er vinna sem þarf að framkvæma snemma að hausti til að ná árangri næsta ár á eftir.

Mikilvægt er að byggja upp vandaða vefsíðu um Tækniminjasafnið, vef sem byggir á texta, myndum og teikningum. Smíði vefsíðu um tiltekið verkefni er sennilega sú aðferð sem er einna auðveldust í framkvæmd við kynningu og markaðssetningu og getur verið góð leið til að ná markmiðum verkefnisstjórnar. Vefurinn þarf að vera á að minnsta kosti þremur tungumálum auk íslensku til að byrja með; ensku, þýsku og frönsku. Góður vefur getur riðið baggamuninn við að komast í samstarf við erlenda aðila.

Vefur safnsins ætti fyrst og fremst að vera sniðinn að þörfum þeirra sem áhuga hafa á að heimsækja safnið og Seyðisfjörð. Þar ættu að vera tengingar á aðra vefi á staðnum. Ekki væri amalegt ef einnig væri byggður upp gagnabanki um sýningar safnsins, rannsóknir og niðurstöður þeirra á undirvef, en sá hluti er ekki jafn mikilvægur í augnablikinu. Í gagnabankanum ætti að vera mikið ítarefni og jafnframt gæti verið þar safnkennsluefni sem vinna mætti með kennurum á svæðinu.

Á vef Tækniminjasafnsins yrðu m.a. síður um eftirfarandi:

- Hvað, hvar og hvernig? Umfjöllun um safnið og sýningar þess, fréttir úr starfinu.
- Upplýsingar um einstök viðfangsefni sem tekin eru fyrir á sýningum.
- Kort af Seyðisfirði og ljósmyndir sem tengjast safninu.
- Tenglar á síður með umfjöllun um seyðfirskt mannlíf og menningu.
- Umfjöllun um ferðapjónustu á Seyðisfirði, ljósmyndir og tengingar.
- Fréttir af uppakomum, námskeiðum og fleiru slíku á vegum safnsins.
- Skráning á póstlista safnsins og í stuðningsmannafélagið góða.

ÚTGÁFUSTARF OG SÖLUVARNINGUR

Samhliða því sem unnið er að þróun vefsíðu og söluvarnings sem virkar jafnframt sem markaðssetning, eins og t.d. útgáfa póstkorta, má telja nauðsynlegt að innan vébanda Tækniminjasafnsins verði unnið að útgáfu á vönduðum ritum, stórum og smáum, um ýmis efni sem tengjast sýningum safnsins. Eins ætti safnið tvímælalaust að aðstoða fræðimenn sem eru að gefa út rannsóknir sem tengjast svæðinu eða sérsviði safnsins og jafnvel að leita eftir samstarfi við þá um útgáfumál. Slíkt ætti að geta verið báðum aðilum til hagsbóta.

Þá mætti gjarnan gefa út og selja litla bók sem kynnir Seyðisfjörð sem vöggú tækninnar á Íslandi, jafnvel með svipuðum upplýsingum og kæmu fram á vefsíðunni. Mælt er með að slík bók verði unnin í beinu framhaldi af vinnu við vefsíðuna. Önnur hugmynd væri að gefa út litla og fjölskylduvæna bók sem höfðar til ferðafólks, með skemmtilegri blöndu af upplýsingum um Seyðisfjörð, húsin þar og tæknisöguna. Vel mætti hugsa sér að listamenn eða teiknarar verði fengnir til samstarfs við gerð bókanna. Jafnvel má hugsa sér að hannað verði borðspil fyrir alla fjölskylduna um tæknibyltingu 20. aldar sem í senn yrði selt á sýningunni og almennum markaði. Eins væri hægt að framleiða tölvuleiki, leikföng og minjagripni sem tengjast tæknisögunni og einstökum uppfinningum. Allt slíkt hefði óbeint gildi við markaðssetningu safnsins og gefur auk þess möguleika á margvíslegum tengingum og samvinnu við alls konar einstaklinga með misjafnan bakgrunn, menntun og reynslu.

AUGLÝSINGAR OG UMFJÖLLUN

Þegar kemur að markaðssetningu er sú aðferð að kaupa auglýsingar í ólíkum miðlum yfirleitt sú sem fyrst kemur upp í hugann. Oft er þetta nauðsynlegt, en getur reynst æði kostnaðarsamt. Auglýsingar í fjölmiðlum, blöðum, tímaritum, handbókum og bæklingum kosta þó auðvitað mismikið eftir því hvar og hvernig er auglýst og árangurinn er einnig misjafn. Vissulega þjóna auglýsingar tilgangi sínum, en nauðsynlegt er að hugsa um forgangsröðina og vera vel á varðbergi. Menn verða að átta sig á hve miklum fjármunum er varið í hverja auglýsingu fyrir sig, þýðingu hennar og gildi, markhóp o.fl., auk þess sem menn þurfa að vera meðvitaðir um allt annað sem hægt er að gera í markaðssetningunni fyrir sama pening.

Fleiri leiðir eru færar og margar ódýrari en beinar auglýsingar. Menn ættu t.d. að keppast við að vekja athygli fréttaritara í héraði á því sem er á seyði, senda fréttatilkynningar, hengja upp veggspjöld, dreifa bæklingum, skrifa blaðagreinar og fá viðtöl í útvarpi. Öllum menningarstofnunum gefast tækifæri til að senda greinar í blöð og tímarit, bæði svæðisbundin og á landsvísu, ef eitthvað er um að vera. Mikilvægt er að myndir fylgi með slíkum greinum því þá vekja þær oft meiri athygli. Því er nauðsynlegt að til sé dálítið magn af kynningarmyndum, geisladiskur með svo sem 100 góðum og prent hæfum myndum af staðnum. Í mörgum tilfellum er ekki svo erfitt að fá birt efni, það auðveldar fjölmiðlafólki störfín ef það er látið vita um athyglisverð málefni og viðburði.

Ljósmyndarnir eru yfirleitt áhrifameiri en blöðin. Oftast er fremur auðvelt að komast að í útvarpi með því að hafa samband við stjórnendur útvarpsþátta, kynna þeim verkefni og fá viðtal eða umfjöllun. Þetta á t.d. vel við þegar boðið er upp á eitthvað nýstárlegt í þjónustu og afþreyingu og ef eitthvað er á döfni. Svæðisútvarpið er þar góður kostur. Þar fæst oft vonduð og ítarleg umfjöllun sem að auki er oft birt í landsútvarpi.

Sjónvarpið er erfiðara viðfangs en útvarpið og yfirleitt er ekki gott að reikna út hvernig gengur að koma ýmsum uppákomum eða verkefnum á landsbyggðinni að þar. Þó er enginn skaði skeður þó stjórnendum sjónvarpsþátta og fréttastofu séu sendar fréttatilkynningar um gang mála, nýbreytni, hátíðahöld og þess háttar. Persónuleg tengsl geta gert útslagið og þau þarf að rækta og nýta. Góðar heimildarmyndir í sjónvarpi geta líka haft mikil áhrif á ferðamennsku hér á landi og er kostur sem vert er að íhuga við uppbygginguna sem framundan er á Seyðisfirði. Ekki má heldur gleyma að auglýsa eftir á – senda fréttir og myndir og fara í útvarp og segja frá því sem þegar hefur verið gert.

ÓHEFÐBUNDIN MARKAÐSSETNING

Margar óhefðbundnari leiðir til markaðssetningar eru færar, hér skiptir mestu að nota ímyndunaraflíð. Til dæmis er hugsanlegt að hagsmunadilar í ferðaþjónustu og menningarstarfi á Seyðisfirði standi saman að því að gefa út geisladisk með margvíslegu efni og fróðleik. Þar væri hægt að greina frá sérstöðu Seyðisfjarðar – mannlífi, náttúru, bókmenntum, menningu, sögustöðum og minjum. Þess þyrfti að gæta að upplýsingarnar úreldist ekki fljótlega svo líftími framtaksins verði sem lengstur. Eins er hægt að laða að ferðafólk með ljósmyndum og sú aðferð er ekki líkt því eins kostnaðarsöm og gerð kynningarmyndbands. Vel heppnuð póstkort geta líka verið mikilvæg kynning.

Ýmsar uppákomur geta talist til óhefðbundinnar markaðssetningar. Hér má nefna skemmtikvöld og fjölmiðlaferðir. Á síðustu árum hefur færst í vöxt að menningarstofnanir og ferðaþjónar á ákveðnum svæðum taki sig saman um að bjóða fjölmiðlafólki í kynnisferðir. Hugmyndin er annars vegar að fá umfjöllun um svæðið í framhaldi af

ferðinni, en ekki síður að kynnast fjölmiðlafólki persónulega og eiga að því greiðari aðgang í framtíðinni.

Tölvupóstur er ódýr leið til að koma kynningarefni á framfæri. Rétt er að koma upp sérstökum póstlistum til að ná að ná athygli valinna fjölmiðla þegar eitthvað er um að vera. Hins vegar er rétt að minna á að mikið magn af „ruslpósti“ hrannast upp hjá ritstjórnnum fjölmiðla dag hvern og því er ekki gefið að sendingin nái alla þá leið sem ætlast er til. Þess vegna er mikilvægt að koma upp persónulegum tengslum inn á sem flesta miðla, eiga möguleika á að hringja beint í blaða- eða fréttamenn.

SAMSTARF UM AUSTFIRSKAN SAFNAPASSA

Í Eyjafirði hafa söfn og menningarstofnanir tekið höndum saman um útgáfu á safnapassa – lítilli bók með kynningu á söfnum og sýningum ásamt 10 aðgöngumiðum að þeim. Slíkan passa geta þeir sem hafa áhuga á að heimsækja mörg söfn á svæðinu keypt á um það bil 1000 krónur. Hugmyndin er að þetta auki aðsóknina og verði til þess að ferðamenn heimsæki fleiri staði á svæðinu en þeir hefðu annars gert. Það væri vænlegt fyrir Austfirðinga að taka þetta til fyrirmyndar og útbúa slíkan safnapassa. Söfnin á svæðinu eru fjölbreytt og sérhæfing þeirra yfirleitt mikil, þannig að slíkt aðgöngukort væri vænlegur kostur fyrir áhugamenn um menningararfinn og sögu svæðanna. Slíkt samstarf þyrfti þó að skipuleggja vel og menn verða að vera samstíga við framkvæmd hugmyndarinnar.

Einnig mætti hugsa sér, með hliðsjón af kafla um samvinnu við önnur söfn hér frammar í skýrslunni, að taka upp einhverja slíka samvinnu við söfn í öðrum landshlutum, t.d. á Siglufirði og Ísafirði. Slíkt hefði þó fyrst og fremst gildi vegna athyglinnar sem slíkt samstarf myndi vekja, ólíklegt er að margir myndu nýta sér þann möguleika að kaupa sameiginlegan aðgöngumiða að söfnum í mismunandi landshornum.

Önnur sameiginleg kynning safna á Austfjörðum sem vinna mætti að væri einskönar slide-myndasýning á tölvutæku formi sem komið yrði fyrir á upplýsingamiðstöðvum víða um fjórðunginn. Þar væri hægt að setja inn kynningarefni um söfnin í fjórðungnum á ýmsum tungumálum. Ekki þyrfti að kosta miklu til við tölvutæknina, gamlar 486 tölvur og 14-15 tommu skjáir sem flest fyrirtæki eru búin að leggja til hliðar geta vel dugað í þessum tilgangi. Ef ekki næst samstaða um slíka kynningu og reyndar hvort sem er væri hægt að yfirfæra hugmyndina á Seyðisfjörð einan og hafa slíkar tölvuvæddar kynningar um safnið og aðrar perlur kaupstaðarins sem víðast í bænum.

BESTA AUGLÝSINGIN ...

Ferðamenn hafa ákveðnar væntingar til þeirra staða sem þeir heimsækja, sem mótast m.a. af þeirri ímynd sem svæðið hefur og markaðssetningunni sem er í gangi. Kynningarátak má því aldrei samanstanda af frósum og loforðum um frábæra skemmtun, sögustaði og náttúruperlur, sem ferðamenn verða síðan hvergi varir við.

Mikilvægasta markaðssetningin er að gestir haldi ánægðir heim. Það er góð þjónusta og vönduð afþreying sem skiptir mestu þegar allt kemur til alls, ánægður gestur er besta auglýsingin. Þetta eru vissulega frasar, en um leið margsönnuð reynsluvísindi. Það kostar fyrirhöfn að skapa gott orðspor og gagnstætt því sem margir segja er slæmt umtal ekki betra en ekkert. Það hefur varanleg neikvæð áhrif á ímynd stofnanna og svæða. Því er mikilvægt að huga að því að allt starfsfólk Tækniminjasafnsins fái markvissa þjálfun

til að það geti skilað verkefni sínu vel. Það er fólkið í framlínunni – afgreiðslufólkið og gæslumennirnir á sýningunum – sem er andlit safnsins út á við.

Það skiptir öllu máli fyrir Tækniminjasafnið eins og önnur menningarverkefni að forgangsröðunin sé rétt og að markaðssetningarvinnan fari ekki fram úr atriðum eins og uppbyggingu, gæðaþróun og úrbótum. Ef það gerist verður holhljómur í markaðssetningunni.

Nokkrir minnispointar fyrir gerð fréttatilkynninga:

- Hafa tilkynninguna auðvelda aflestrar.
- Muna bréfhausinn: nafn, heimili, símanúmer, faxnúmer, netfang, lógó.
- Hafa góða spássíu og línubil.
- Muna að dagsetja og tímasetja.
- Bæta við: „Nánari upplýsingar veitir ...“
- Fyrirsagnir stuttar og beinskeittar.
- Fyrsta málsgreinin er mikilvægust.
- Þumalputtareglan er að muna H-in fimm: Hvað er um að vera? Hver annast það? Hvar gerist það? Hvenær gerist það? Hvers vegna er það að gerast?
- Hafa mikilvægustu upplýsingarnar fremst.
- Nota skýran stíl, auðskilinn og stuttorðan.
- Vera jákvæður.
- Fylgja tilkynningunni eftir með símtali ef þörf er á.
- Fréttamenn leita eftir öfgum – fyrsta, síðasta, smæsta, stærsta, elsta.

10. FRAMKVÆMDAÁÆTLUN

ATH! Framkvæmdaáætlun var endurskoðuð í sept. 2003 og er í viðbót á bls. 57 hér á eftir.

Vegna umfangs verkefnisins er nauðsynlegt að raða framkvæmdum niður í skynsamlega forgangsörð og gera vandaða framkvæmdaáætlun. Hér eru birt tillaga að helstu verkþáttum í fimm ára áætlun Tækniminjasafnsins og tekið mið af tillögum í köflum um sýningar safnsins og safnastarfið.

Verkefnalistinn er vissulega langur árið 2003, en athuga þarf að þá verður lögð áhersla á að koma starfsemi Tækniminjasafnsins á réttan kjöl á sem flestum sviðum. Þar á meðal er að lagfæra útisvæði, opna alla neðri hæð Vjelasmiðjunnar til sýningar, endurnýja fastasýningu safnsins og hefja undirbúning fyrir afmælisárin sem framundan eru árin 2004, 2006 og 2007.

Það er ljóst að það verður fyrst ráðlegt eftir undirbúningsvinnu ársins 2003 að hefja markaðssetningu safnsins af fullum krafti, árið 2004.

Árið 2003:

- Áhersla verður lögð á að gera Vjelasmiðju Jóhanns Hanssonar tilbúna til sýningar. Ætlunin er að einbeita sér að allri fyrstu hæðinni á árinu, efri hæðir verða látnar bíða betri tíma og notaðar sem geymslur. M.a. verður rifinn milliveggur í salnum í nýrri hlutanum, hreinsað til á allri hæðinni og sýningargripum komið fyrir í salnum ásamt verkfærum. Sett upp spjalda- og myndasýning um Jóhann Hansson og Smiðjuna fyrir sumarið 2003. Verkefnatengd starfsemi í Smiðjunni.
- Útvegað húsnæði fyrir afgreiðslu, móttökusal og upphitaðar geymslur fyrir Tækniminjasafnið. Til að byrja með verður athugað hvort semja megi um kaup á timburverkstæði sem sambyggt er við Vjelasmiðjuna sem aðstöðu fyrir safnastarfið.
- Útisvæði á Wathnestorfunni tekið í gegn – útisýning á spjöldum þar sem fjallað er um sögu húsanna og staðarins sett upp og byrjað að huga að göngustíg um svæðið. Járnhruða á bak við Vjelasmiðjuna flokkuð og fjarlægð.
- Slippurinn tekinn í gegn og svæðið þar í kring. Baturinn Auðbjörg fluttur á staðinn.
- Fallbyssu úr El Grilló flutt af uppfillingu og komið fyrir á hentugum stað á svæðinu þar sem komið er að Wathnestorfunni.
- Stuðningsmannafélag Tækniminjasafnsins stofnað.
- Undirbúningur hafinn fyrir sérsýningu vegna 20 ára afmælis Tækniminjasafnsins 2004: *Seyðisfjörður – vagma tækninnar á Íslandi*.
- Undirbúningur um sýningar tengdar símasögunni hefst, en árið 2006 á að halda upp á með veglegum hætti að 100 ár eru þá liðin frá að sæstregur var tekinn á land á Seyðisfirði og síminn lagður um landið.
- Hafist handa við farandsýningu fyrir börn og unglunga með lýsandi vinnuheiti: *Síminn og uppfinningar*. Stefnt er að því að hún sé tilbúin 2004.
- Átak gert í skráningarmálum Tækniminjasafnsins.
- Undirbúin samvinna heima og heiman um viðgerðir og verndun bryggjuhúsanna – Angró, Skipasmíðastöðvarinnar og Þórshamars – og aðgerðir sem miða að því að Wathnestorfan sé varðveitt á heildstæðan hátt.

Árið 2004:

- Átak í markaðssetningu samhliða afmælisýningu Tækniminjasafnsins.
- 20 ára afmæli Tækniminjasafnsins – uppakomur, atburðir og sýningin: *Seyðisfjörður – Vagga tækninnar á Íslandi* opnuð formlega.
- Göngustígur lagður milli húsanna á Wathnestorfunni og upp að vatnsveitunni í gilinu fyrir ofan Wathneshúsið.
- Verkefnatengd starfsemi safnsins í Vjelasmiðjunni og Skipasmíðastöðinni.
- Sýningar í Angró undirbúnar.
- Undirbúningur fyrir sýningar og atburði árið 2006 sem tengjast símasögunni.
- Farandsýning fyrir börn og unglinga send af stað frá Seyðisfirði: *Síminn og uppfirningar*.
- Unnið að viðgerðum og verndun bryggjuhúsanna – Angró, Skipasmíðastöðvarinnar og Þórshamars – og heildstæðri varðveislu Wathnestorfunnar. Sérstök áhersla lögð á Angró.

Árið 2005:

- Efri hæðin í Vjelasmiðju Jóhanns Hanssonar gerð sýningarhæf og húsið tekið til endurbóta að utan.
- Undirbúningur um sýningar og atburði árið 2006 tengdar símasögunni.
- Verkefnatengd starfsemi safnsins í Vjelasmiðjunni og Skipasmíðastöðinni.
- Sérsýning um El Grilló sett upp í Angró fyrir sumarið 2005. Átak í hreinsun.
- Unnið að viðgerðum og verndun bryggjuhúsanna – Angró, Skipasmíðastöðvarinnar og Þórshamars – og heildstæðri varðveislu Wathnestorfunnar. Sérstök áhersla lögð á Angró.

Árið 2006:

- Símasagan, menningarveisla allt árið – menningarviðburðir og opnuð vegleg sérsýning um símasöguna.
- Verkefnatengd starfsemi safnsins í Vjelasmiðjunni og Skipasmíðastöðinni.
- Unnið að opnun sýningar á efri hæðum Vjelasmiðju Jóhanns Hanssonar.
- Unnið að sýningarhlutum um handverks- og iðnaðarmenn í Angró.
- Unnið að viðgerðum og verndun bryggjuhúsanna – Angró, Skipasmíðastöðvarinnar og Þórshamars – og heildstæðri varðveislu Wathnestorfunnar. Sérstök áhersla lögð á Angró.

Árið 2007:

- 100 ára afmæli Vjelasmiðju Jóhanns Hanssonar – stórveisla í tilefni þess, uppakomur og menningarviðburðir, efri hæðir hússins opnaðar almenningi til sýningar.
- Opnaðir sýningarhlutar í Angró um handverks- og iðnaðarmenn á Seyðisfirði, m.a. um gullsmíði, skósmíði og úrsmíði, prentiðnað og húsagerðarlist.
- Unnið að viðgerðum og verndun bryggjuhúsanna – Angró, Skipasmíðastöðvarinnar og Þórshamars – og heildstæðri varðveislu Wathnestorfunnar. Sérstök áhersla lögð á Angró.

Hið sama gildir um framkvæmdaáætlunina og aðrar áætlanir. Hún þarf að vera í sífelldri endurskoðun og taka breytingum eftir því sem tíminn líður og verkefninu vindur fram. Þessi áætlun er miðuð við verulega velgengni í fjármögnun. Ef styrkur fæst ekki af fjárlögum fyrir árið 2003 þarf að endurskoða hana strax um áramótin næstu og reyndar þarf líka að endurskoða hana þó styrkur fáist og sundurliða einstaka þætti áætlunarinnar. Í einhverjum tilvikum er hægt að fara hægar í sakirnar og gera minna en að er stefnt á þessum tímapunkti.

Einhverjir þættir koma til með að taka lengri tíma en áætlað er í upphafi, en þó er mikilvægt að alltaf liggi ljóst fyrir hvenær stefnt sé að því að hrinda einstökum hugmyndum í framkvæmd.

11. KOSTNAÐUR VIÐ UPPBYGGINGU

ATH! Kostnaðaráætlun var endurskoðuð í sept. 2003 og birtist ásamt endurskoðaðri framkvæmdaáætlun á bls. 57 hér á eftir.

Um kostnaðaráætlun gildir hið sama og um framkvæmdaáætlun, hún er breytingum háð eftir því sem nýjar upplýsingar um kostnað koma fram og eftir því sem framvinda verkefnisins gefur ástæðu til. Miðað er við gott gengi við fjármögnun, en lyklatríðið í kostnaðaráætluninni er þó að reynt er að setja verðmiða á einstaka verkþætti.

Til að setja fram tölur um hugsanlegan kostnað við einstaka þætti verkefnisins eins og fylgir með þessari skýrslu þarf heilmikla yfirlegu og einnig þarf að gefa sér ótal forsendur sem síðan eiga eftir að taka mörgum breytingum. Kostnaðaráætlanir verða aldrei endanlegar, en það er nauðsynlegt að setja fram tölur þótt ákvarðanir um einstaka þætti hafi ekki verið teknar. Plögg eins og þetta ætti kannski frekar að kalla kostnaðarágiskun en kostnaðaráætlun. Hver ákvörðun sem tekin er í framhaldinu getur breytt þeim forsendum sem byggt er á og kostnaðaráætlunin verður því að vera í sífelldri endurskoðun.

Í kostnaðaráætluninni er reynt að leggja mat á raunverulegan kostnað við verkefni. Hins vegar er ljóst að finna má finna ódýrari lausnir á einstökum þáttum, t.d. með því að fá menn til að styrkja uppbygginguna í stóru og smáu með vinnuframlagi eða gefa flutning, lána tæki o.s.frv. Leggja þarf kapp á að finna aðferðir til að lækka kostnað við einstaka verkþætti.

Þau verkefni sem lagt er til að unnið verði að eru einnig afskaplega mismunandi að umfangi og kosta misjafnlega mikið. Einstökum hlutum verkefnisins má fresta eða flýta, allt eftir því hvernig verkefninu miðar eða fjármögnun gengur.

Uppbyggingaráætlun	Nóv.02			2003-2005
Kostnaðarliðir	2003	2004	2005	Samtals:
Alls	21.055.000	20.315.000	19.005.000	60.375.000
Tækniminjasafnið	9.050.000	10.750.000	7.600.000	27.400.000
Afmælissýning 2004: Vagga tækninnar	2.600.000	3.300.000		
Farandsýningar: Síminn og uppfinningar	450.000	450.000	200.000	
Undirbúningur fyrir sýningu um símann 2006	2.000.000	2.800.000	3.200.000	
Skrifstofur, móttaka, geymslur og afgreiðsla	2.400.000	2.400.000	2.400.000	
Verkefnatengd starfsemi	400.000	600.000	600.000	
Verndun bryggjuhúsanna, áætlanagerð, vinna	1.200.000	1.200.000	1.200.000	
Vjelasmíðja Jóhanns Hanssonar	8.540.000	2.200.000	1.600.000	12.340.000
Framkvæmdir við húsnæði, innan- og utanhúss	3.200.000	1.400.000	1.600.000	
Hreinsun að húsabaki	650.000			
Hönnun sýningar	800.000			
Myndir - ljósmyndir og teikningar	240.000			
Sýningargripir	700.000	300.000		
Tækniúnaður og lýsing	500.000	300.000		
Textagerð, umbrot, prentun	400.000			
Uppsetning sýningar	1.000.000	200.000		
Grunnlagfæringar á aðstöðu, tækjabún.	300.000	300.000		

Brunavarnir o.fl. slíkt	450.000			
Annað	300.000	120.000	120.000	
Angró	800.000	1.930.000	5.050.000	7.780.000
Undirbún. og lagfæringar v. sýninga	600.000	600.000	600.000	
Umhverfi, frágangur		200.000	300.000	
El Grilló - Hönnun sýningar	200.000	600.000	400.000	
Sýningargripir		200.000	450.000	
Uppsetning sýningar			1.000.000	
Myndir - ljósmyndir og teikningar		100.000	300.000	
Textagerð, umbrot, prentun			650.000	
Tækja- og tölvubúnaður, lýsing			800.000	
Brunavarnir, neyðarútgangar o.fl. slíkt		80.000	250.000	
Annað		150.000	300.000	
Skipasmíðastöðin	280.000	1.650.000	950.000	2.880.000
Lagfæringar og hreinsun á slippnum	180.000			
Flutningur á Auðbjörgu, áætlanagerð um viðh.	100.000	200.000		
Grunnlagfæringar á aðstöðu, tækjabún.		1.300.000	800.000	
Annað		150.000	150.000	
Fræða- og rannsóknarsetur	1.105.000	1.705.000	1.725.000	4.535.000
Efni til safnkennslu	300.000	300.000	200.000	
Útgáfuáætlun	300.000	900.000	900.000	
Fyrirlestrar, ráðstefnuhald	80.000	80.000	200.000	
Bókakostur safnsins	25.000	25.000	25.000	
Almennar rannsóknir og rannsóknaraðstaða	400.000	400.000	400.000	
Annað	20.000	20.000	20.000	
Útisvæði	600.000	550.000	550.000	1.700.000
Göngustígur		300.000	300.000	
Spjaldasýning utanhúss	600.000			
Símastaurar, mastur o.fl.		250.000	250.000	
Kostnaðarliðir	2003	2004	2005	Samtals:
Markaðssetning og samstarf	680.000	1.530.000	1.530.000	3.740.000
Markaðssetning	150.000	600.000	600.000	
Tölvuvinna, gagnasafn, heimasíða	150.000	200.000	200.000	
Opnunarhátíð	0	350.000	350.000	
Ferðakostnaður o.fl. v. uppbyggingar	180.000	180.000	180.000	
Erlent samstarf	200.000	200.000	200.000	

Þessi áætlun gerir ráð fyrir að kostnaður við uppbyggingu Tækniminjasafnsins næstu 3 árin sé rúmlega 60 milljónir króna. Af þeim 60 milljónum er áætlaður kostnaður við safnastarfíð, undirbúningu sérsýninga og lagfæringar á sýningum í Wathneshúsinu um 27 milljónir, kostnaður við Vjelasmíðjuna rúmlega 12 milljónir og undirbúningur á lagfæringum á Angró og uppsetningu sýningar þar tæplega 8 milljónir. Þessar tölur byggja á þeim hugmyndum sem settar hafa verið fram hér að framan og upplýsingum um raunkostnað við sambærileg verkefni annars staðar á landinu.

Til gamans má geta þess að þótt mönnum kunni að finnast heildarkostnaðurinn mikill, þá er talan nokkuð lægri en framúrkeyrslan á einu ári við framkvæmdir við Þjóðmenningarhúsið á Hverfisgötu í Reykjavíkurbhreppi.

12. FJÁRMÖGNUN UPPBYGGINGAR

Til uppbyggingar Tækniminjasafnsins þarf að verja umtalsverðum fjármunum. Ef ekki er vilji fyrir því hjá Seyðisfjarðarkaupstað að taka þátt í því er vandséð hvernig á að fjármagna verkefnið, því öflugur stuðningur heima fyrir er lykillinn að því að aðrir aðilar vilji styrkja verkefnið. Að sjálfsögðu þarf að leitast við að lágmarka kostnað með góðu skipulagi og markvissum vinnubrögðum. Hitt þarf líka að muna að ef vel tekst til er ávinningurinn mikill.

Hvað fjármögnun varðar er hugmynd okkar sú að bæjarfélagið leggi til uppbyggingarinnar á bilinu 15-25% af stofnkostnaði. Þessi kostnaður myndi dreifast á uppbyggingarárin og hluti hans gæti falist í vinnuframlagi. Með hliðsjón af sambærilegum verkefnum og fjármögnun þeirra ætti að vinna að því að ríkið leggi til með beinum hætti 50-60% af kostnaði og að aðrar stofnanir, sjóðir og fyrirtæki sem sóttir verða styrkir til leggi 25-35% til verkefnisins.

En hvernig á svo að fjármagna verkefni af þessari stærðargráðu? Því er fyrst til að svara að það verður mikil vinna. Margir þurfa að leggja verkefninu lið.

Stofnanir, ríki og sveitarfélög eru yfirleitt ekki mjög viljug til að binda sig í að styrkja ákveðinn rekstur í lengri tíma, nema í gegnum þar til gerða sjóði eins og Safnasjóð, þótt þau komi stundum veglega að átaksverkefnum eða taki þátt í stofnkostnaði við menningarverkefni á landsbyggðinni með myndarlegum hætti. Þess vegna er mikilvægt að byggja tillögur á því að Tækniminjasafnið standi undir sér rekstrarlega í framtíðinni með sértekjum og föstum framlögum, eins og gert hefur verið í þessari skýrslu. Þetta er hreinlega nauðsynlegt því opinberir aðilar eru miklu frekar reiðubúnir að leggja fé í átaksverkefni, nýsköpun eða verkefni sem standa yfir í stuttan afmarkaðan tíma og samræmast markmiðum þeirra og áherslum. Nauðsynlegt er að kynna sér vandlega þau markmið sem hver sjóður og styrktaraðili hefur að leiðarljósi, áður en styrkumsókn er útbúin.

VERKEFNI Í VERKEFNINU

Við fjármögnun verkefnisins í heild eru ýmsar leiðir færar. Heppilegt er að líta á verkefnið í senn sem samhangandi heild eða pakka, en jafnframt að skipta því upp í marga hluta. Fjöldmörg misjafnlega stór verkefni sem saman mynda heild. Sum minni verkefni í heildarmyndinni eiga að geta fjármagnað sig sjálf og jafnvel skilað hagnaði ein og sér ef hugkvæmnin er næg. Þar mætti t.d. nefna einstök útgáfuverkefni eða mannfagnaði. Hægt er að fá styrki úr víðeigandi sjóðum í fjöldmörg fræði-, rannsóknar- og menningarverkefni, útgáfustarf, umhverfisbætur, aðstöðu fyrir ferðamenn, hátíðahöld og skemmtidagsskrár.

Styrktaraðilar, bæði opinberir og í einkageiranum, krefjast þess yfirleitt að fá í hendurnar vandaðar upplýsingar, fjárhags- og framkvæmdaáætlanir. Það er því mikilvægt að huga vandlega að gerð upplýsingaefnis fyrir mögulega styrktaraðila. Gæta þarf þess að búið sé að skilgreina hvert verkefni vandlega, áætla upphafs- og lokadagsetningu, færa rök fyrir gagnsemi og vera með sundurliðaða áætlun yfir heildarkostnað.

Gömul og margreynd holrráð Sögusmiðjunnar um styrkumsóknir

- Vandíð umsóknir, skilgreinið verkefni vandlega, áætlið upphaf þess og endi, færið rök fyrir gagnsemi þess og verið með tilbúna áætlun um heildarkostnað. Slík áætlun þarf sífellt að vera í endurskoðun eftir því hvernig verkefninu vindur fram.
- Það getur verið nokkur kúnt að gera umsóknir sem falla í kramið hjá þeim sem með þær höndla. Því er sjálfsgagt að leita aðstoðar hjá þeim sem vanir eru að sækja um styrki og fá þá. Vanir menn sem tilbúnir eru að hjálpa og veita góð ráð eiga að vera að störfum á skrifstofum Þróunarstofunnar, Byggðastofnunar, Iðntæknistofnunar og einnig á skrifstofum Evrópuáætlana.
- Nokkuð víða er hægt að fá styrki innanlands til menningartengdra verkefna í ferðaþjónustu, þótt slíkir sjóðir séu því miður margir litlir. Meðal styrktaraðila og sjóða sem hægt er að leita til eftir styrkjum til einstakra þátta verkefnisins má nefna: Byggðastofnun, Menntamálaráðuneyti, Iðnaðarráðuneyti, Samgönguráðuneyti, Ferðamálaráð, Pokasjóður og menningarsjóðir stórfyrirtækja (banka og tryggingafélaga).
- Ekki gleyma styrkmöguleikum heima í héraði – fyrirtæki, menningarsjóðir og félög gætu haft áhuga á að styrkja áhugaverð verkefni með fjárframlögum eða sjálfboðavinnu.
- Talsverð fyrirhöfn og vinna er að sækja um norræna styrki og Evrópustyrki. Yfirleitt þarf samvinnu þriggja landa. Þó er full ástæða til að reyna þessar leiðir þegar verkefnið er jafn viðamikilið og uppbygging Tækniminjasafnsins.
- Á heimasíðu Menntamálaráðuneytis eru upplýsingar um fjölmarga innlenda og erlenda sjóði.

ÞÁTTAKA HEIMAMANNA

Í sambærilegum verkefnum hefur reynst mikilvægt að íbúar á svæðinu finni að þeir séu með í ráðum og fái að taka þátt í verkefninu á einhvern hátt. Fyrst í stað þarf því öfluga kynningu heima fyrir. Er frá líður er líklegt að stór hópur fólks vilji leggja málinu lið á einn eða annan veg með því að gerast stuðningsaðilar að verkefninu. Þar verður líklega aldrei um að ræða fjárupphæðir sem skipta verulega máli, en engu að síður er það mikilvægt að geta sýnt fram á breiðan stuðning og áhuga heima fyrir þegar farið er fram á stuðning frá hinu opinbera. Útgáfa fréttabréfs, til dæmis tvisvar á ári, væri vænlegur kostur til að heimamenn fái á tilfinninguna að uppbyggingin og safnið sé verkefnið þeirra.

STYRKIR TIL UPPBYGGINGAR FRÁ HINU OPINBERA

Styrkja- og sjóðakerfi ríkis og sveitarfélaga er ekki gegnsætt eða einfalt og ekki er hægt að benda á neinn einn opinberan aðila sem hefur augljóslega á sinni könnu að styðja uppbyggingu eins og þá sem Tækniminjasafnið stendur frammi fyrir. Breytingar á þessu gætu þó verið í vændum því rætt hefur verið um að stofnaður verði öflugur sjóður sem styrki uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu. Oft gengur fjármögnun hægar en æskilegur framkvæmdahraði er, en mikilvægt er að fjármögnun og framkvæmdir haldist að mestu leyti í hendur.

Til þessa hefur víðast hvar verið litið á stuðning af fjárlögum Alþingis sem lykilstuðning við viðamikil verkefni í uppbyggingu menningarferðaþjónustu og allmörg fordæmi eru fyrir slíkum framlögum víða um land. Þingmenn og fjárlaganefnd Alþingis hafa líka sýnt í orði og á borði að þeir styðja stór og vel undirbúin verkefni og viðhorf til þeirra virðist

afar jákvætt, ekki síst þegar rökin snúa allt í senn að byggð, atvinnulífi og menningarstarfi í einstökum héruðum.

Leiðirnar við undirbúning slíkrar fjármögnunar fjárveitingavaldsins hafa samt verið misjafnar en flestir reyna að fá þingmenn síns kjördæmis í lið með sér og einbeita sér að fjárlaganefnd Alþingis. Nú í haust var lögð vönduð umsókn frá safninu fyrir fjárlaganefnd og óskað eftir veglegum stuðningi á fjárlögum fyrir árið 2003.

Reyndar eru dæmi um að góð verkefni fái stuðning til góðra verka beint frá ráðuneytunum. Dæmi eru um að Menntamálaráðuneyti, Forsætisráðuneyti, Samgönguráðuneyti og Iðnaðarráðuneyti hafi á undanliðnum árum stutt við verkefni sem að mörgu leyti eru sambærileg við þá uppbyggingu sem framundan er hjá Tækniminjasafninu.

Tvímælalaust ætti að koma á samstarfsverkefnum við einstök ráðuneyti, óháð gangi mála í fjárlaganefnd. Þar kæmi helst til greina fjármögnum á einstökum verkefnum innan verkefnisins eins og minnst var á hér frammar. Það er t.d. borðleggjandi að fá Samgönguráðuneytið og Landssímann til samstarfs um þau verkefni sem framundan eru sem tengjast sögu símans. Iðnaðarráðuneytið ætti skilyrðislaust að styðja við lagfæringar á Vjelasmíðjunni og jafnvel Skipasmíðastöðinni.

Að sjálfsgöðu á safnið auk þess að leita til Menningarráðs Austurlands, fordæmi eru fyrir styrkjum til átaksverkefna safnanna þar. Þetta sýna styrkir frá Menningarráðinu til Stríðsárasafnsins á Reyðarfirði og Jöklasýningar á Höfn að upphæð 1,8 milljónir hvor á síðasta ári.

Eins tekur ríkið þátt í fjármögnun á byggingum eða kaupum á húsnæði fyrir viðurkennd söfn í gegnum Menntamálaráðuneytið og fjárlög. Þá borgar ríkið þriðjungs hlut af heildarkostnaði við nýtt húsnæði og að þessu þarf að huga í sambandi við geymslur, skrifstofu og móttökuhús Tækniminjasafnsins. Slíka samstarfssamninga þarf að gera áður en gengið er frá kaupum á húsnæði eða hafist handa við byggingu.

Margvíslegir litlir sjóðir geta komið að einstökum verkefnum. Ferðamálaráð ætti að styrkja umhverfisumbætur vegna útsýningar og góður möguleiki er á að fá styrk til þeirra úr pokasjóði. Nýsköpunarsjóður námsmanna getur styrkt rannsóknarverkefni háskólastúdenta og tvímælalaust ætti að sækja um í Pokasjóð og Þjóðhátíðarsjóð. Ef útgáfuverkefni eru framundan er sótt um í Menningarsjóð.

Tækniminjasafnið þarf einnig að fá öflug fyrirtæki til liðs við sig við uppsetningu einstakra sýninga, Rarik og Landssíminn eru þar efst á blaði, en einnig er sjálfsagt að leita til Samtaka iðnaðarins og fleiri slíkra samtaka og stofnanna. Afmælistenging sýninganna og fyrirkomulagið á þátttöku fyrirtækja og stofnanna í stjórn safnsins ætti að hjálpa til við þá vinnu, þó hún verði aldrei auðveld.

Listi yfir mögulega styrktaraðila:

Heima fyrir:

Seyðisfjarðarkaupstaður
Menningarráð Austurlands
Félag vildarvina og stuðningsaðila

Fyrirtæki heimamanna
Stór fyrirtæki sem starfa á svæðinu (t.d. bankastofnanir)

Á landsvísu:

Alþingi – fjárlög
Menningarsjóðir (t.d. tryggingafélaga og fjármálafyrirtækja)
Stórfyrirtæki (t.d. Landssíminn, Rarik og Landsvirkjun)
Menntamálaráðuneyti
Samgönguráðuneyti
Iðnaðarráðuneyti
Ferðamálaráð
RannÍS - vísindasjóður
Launasjóður fræðiritahöfunda
Menningarsjóður
Þjóðhátíðarsjóður
Pokasjóður
Kristnihátíðarsjóður
Menningarborgarsjóður
Húsafriðunarnefnd ríkisins
Menningarsjóður ferðamála (*óstofnaður*)

Erlendir styrkmöguleikar:

NOS-H
Vest-Norræna ráðið
Nordisk kulturfond - Skandinavískt samstarf
Culture 2000 - Evrópusambandið
Leonardo - Evrópusambandið

13. LOKAORÐ

Nú liggur fyrir að Seyðfirðingar geta notað sögulegur rætur nútímans í aldamótabænum Seyðisfirði til góðra verka. Þeir hafa góðan möguleika á að nýta sögulega sérstöðu sína og sameinast um að byggja upp kraftmikið og framfarasinnað Tækniminjasafn. Stórt skref var stigið í þessa átt þegar forstöðumaður var ráðinn í fullt starf fyrir á þessu ári. Annar stór áfangi er á góðri leið með að komast í höfn, að safnið verði viðurkennt af safnaráði og fái rekstrarstyrk frá ríkinu. Síðustu ár hefur áhersla hefur verið lögð á undirbúningsvinnu fyrir þessa áfanga, enda eru báðir grundvöllur þess að rekstur safnsins sé tryggður til framtíðar. Hitt er svo annað mál að til viðamikillar og metnaðarfullrar uppbyggingar eins og stefnt er að á Seyðisfirði þarf öflugan stuðning bæði frá ríki og einkaaðilum.

Hér er lagt til að Tækniminjasafn Austurlands á Seyðisfirði verði eitt af stóru verkefnum við uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu hér á landi og verði leiðandi afl í menningarstarfi og mannlífi á Seyðisfirði, auk þess að styðja rækilega við uppbyggingu annarrar ferðaþjónustu þar. Litið er á uppbyggingu Siglfirðinga á Síldarminjasafninu þar í bæ sem fyrirmynd í þessu efni, en einnig tekið mið af sambærilegum söfnum erlendis.

Efniviðurinn er vissulega fyrir hendi, en það er í höndum eigenda og stjórnar safnsins að spila sem best úr öllu saman. Það er ljóst að Seyðisfjarðarkaupstaður verður að standa eins og klettur á bak við safnið til að það geti með sem öflugustum hætti tekið þátt í því ævintýri að gera bæinn að ferðaþjónustu- og menningarbæ með víðtækt og fjölbreytt aðdráttarafl.

Skýrslur eru samdar og hugmyndir settar fram til að þær séu brotnar til mergjar. Menn mega aldrei falla í þá gryfju að halda að hugmyndavinna og skipulagning sé eitthvað afrek í sjálfu sér. Velta þarf upp kostum og göllum, en fyrst og fremst verður að taka afstöðu í mörgum atriðum – bæði stórum og smáum. Þessi ákvarðanatöku þarf að fara fram innan stjórnar safnsins, en einnig þurfa stjórnendur sveitarfélagsins og þingmenn kjördæmisins, sem vonast er til að leiki lykilhlutverk við fjármögnun uppbyggingarinnar, að taka afstöðu til verkefnisins. Það er þeirra starf.

Ljóst er að verja þarf umtalsverðum fjármunum til uppbyggingar safnsins ef fylgja á eftir þeim hugmyndum sem hér hafa verið settar fram. Hluti af því fjármagni verður að koma frá bænum og hluti frá ríkinu. Á móti kemur að sú uppbygging sem hér er gerð tillaga um og það markaðsstarf sem þarf að vinna í tengslum við hana er nauðsynlegt ef sú framtíðarsýn að sífellt fleiri Seyðfirðingar hafi lífþróun af menningarstarfi og ferðaþjónustu á að verða að veruleika.

Oft er eins og menn séu dálítið smeykir við fjárútlát til ferða- og menningarmála. Þó hefur það verið reynslan að þar sem unnið hefur verið markvisst að uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu hefur það skilað sér með margföldum hætti. Að sjálf-sögðu þarf að leitast við að halda kostnaði í skefjum, en stundum er stórhugurinn nauðsynlegur.

Það er álit skýrsluhöfunda að þær hugmyndir sem hér eru settar fram séu vel framkvæmanlegar. Þær samræmast vel þeim markmiðum sem lagt var upp með og verkefnið sem hefur verið skilgreint er að mörgu leyti sambærilegt við önnur verkefni sem ráðist

hefur verið í víða um land. Þá eru tillögurnar í takt við yfirlýsta stefnu stjórnvalda um uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu og eflingu byggðar um land allt.

Tækniminjasafn Austurlands á Seyðisfirði hefur alla burði til að vera í fremstu röð á landsvísu í menningarstarfi og ferðaþjónustu.

Endurskoðuð framkvæmdaáætlun v/uppbyggingar TA 2004-2007:

Framkvæmdaáætlun er skýrð nánar í Hugmyndaskýrslu Tækniminjasafns Austurlands – frá nóvember 2002 bls.45. Hið sama gildir um framkvæmdaáætlunina og aðrar áætlanir. Hún þarf að vera í sífelldri endurskoðun og taka breytingum eftir því sem tíminn líður og verkefninu vindur fram. Áætlun 2003 miðaðist við verulega velgengni í fjármögnun. Þó öll markmið fjármögnunar hafi ekki náðst á árinu, verður árangurinn að teljast viðunandi. Áhersla var lögð á opnun

Vjelasmiðjunnar og endurnýjum fastasýningarinnar í ritsímahúsinu, en hægt á öðrum verkefnum eða þeim skotið á frest. Áætlun fyrir 2004 miðar að því að hægt verði að standast áætlanir sem miðast við merkisatburði í sögunni sem eru sérstaklega á sviði Tækniminjasafnsins. Þar má nefna 20 ára afmæli Tækniminjasafnsins 2004, 100 ára afmæli Landsímans 2006, 100 ára afmæli elstu vélsmiðju landsins 2007 og svo 100 ára afmæli Rarík 2013.

Árið 2004:

- Vinnusvæði kringum málmbræðsluofn Vélsmiðju Jóhanns Hanssonar gert aðgengilegt. Sett upp spjalda- og myndasýning um Jóhann Hansson og Smiðjuna. Verkefnatengd starfsemi í Smiðjunni.
- Útvegað húsnæði fyrir geymslur fyrir Tækniminjasafnið. Athugað hvort semja megi um kaup á stálgrindarhús sem sambyggt er við Angró.
- Útísvæði á Wathnestorfunni tekið í gegn – útisýning á spjöldum þar sem fjallað er um sögu húsanna og staðarins sett upp. Járnhrúga á bak við Vjelasmiðjuna flokkuð og fjarlægð.
- Slippurinn tekinn í gegn og svæðið þar í kring. Báturinn Auðbjörg forvarin og viðgerðaráætlun unnin.
- Fallbyssa úr El Grilló flutt af uppfyllingu og komið fyrir á hentugum stað á svæðinu þar sem komið er að Wathnestorfunni.
- Áhersluatriði tengdar símasögunni, símastaurar og loftnetsmöstur reist að nýju. Grunnþættir símans gerðir áberandi og elsti búnaður ritsímans settur upp og skýrður.
- Hafist handa við farandsýningu fyrir börn og unglunga með lýsandi vinnuheiti: *Síminn og uppfinningar*. Stefnt er að því að hún sé tilbúin í ársbyrjun 2005.
- Átak gert í skráningarmálum Tækniminjasafnsins- munaskráning og skráning pappírsgagna.
- Aukin áhersla á markaðssetningu samhliða afmælisýningu Tækniminjasafnsins. Útgáfa upplýsingarits.
- 20 ára afmæli Tækniminjasafnsins – uppákomur, atburðir og sýningin: *Seyðisfjörður – Vagga tækninnar á Íslandi* opnuð formlega.
- Göngustígur lagður milli húsanna á Wathnestorfunni og upp að vatnsveitunni í gilinu fyrir ofan Wathneshúsið.
- Verkefnatengd starfsemi safnsins í Vjelasmiðjunni og Skipasmíðastöðinni.
- Sýningar í Angró undirbúnaðar – El Grillo.
- Undirbúningur fyrir sýningar og atburði árið 2006 sem tengjast símasögunni.
- Undirbúin samvinna heima og heiman um viðgerðir og verndun bryggjuhúsanna – Angró, Skipasmíðastöðvarinnar og Þórshamars – og aðgerðir sem miða að því að Wathnestorfan sé varðveitt á heildstæðan hátt. Unnið að viðgerðum,-sérstök áhersla lögð á Angró.

Árið 2005:

- Farandsýning fyrir börn og unglunga send af stað frá Seyðisfirði: *Síminn og uppfinningar*.
 - Efri hæðin í Vjelasmiðju Jóhanns Hanssonar gerð sýningarhæf og húsið tekið til endurbóta að utan.
 - Undirbúningur um sýningar og atburði árið 2006 tengdar símasögunni.
 - Verkefnatengd starfsemi safnsins í Vjelasmiðjunni og Skipasmíðastöðinni.
 - Sérsýning um El Grilló sett upp í Angró fyrir sumarið 2005. Átak í hreinsun.
 - Unnið að viðgerðum og verndun bryggjuhúsanna – Angró, Skipasmíðastöðvarinnar og Þórshamars – og heildstæðri varðveislu Wathnestorfunnar. Sérstök áhersla lögð á Angró.

Árið 2006:

- Símasagan, menningarveisla allt árið – menningarviðburðir og opnuð vegleg sérsýning um símasöguna.
- Verkefnatengd starfsemi safnsins í Vjelasmiðjunni og Skipasmíðastöðinni.
- Unnið að opnun sýningar á efri hæðum Vjelasmiðju Jóhanns Hanssonar.
- Unnið að sýningarhlutum um handverks- og iðnaðarmenn í Angró.
- Unnið að viðgerðum og verndun bryggjuhúsanna – Angró, Skipasmíðastöðvarinnar og Þórshamars – og heildstæðri varðveislu Wathnestorfunnar. Sérstök áhersla lögð á Angró.

Árið 2007:

- 100 ára afmæli Vjelasmiðju Jóhanns Hanssonar – stórveisla í tilefni þess, uppákomur og menningarviðburðir, efri hæðir hússins opnaðar almenningi til sýningar.
- Opnaðir sýningarhlutar í Angró um handverks- og iðnaðarmenn á Seyðisfirði, m.a. um gullsmíði, skósmíði og úrsmíði, prentiðnað og húsagerðarlist.
- Unnið að viðgerðum og verndun bryggjuhúsanna – Angró, Skipasmíðastöðvarinnar og Þórshamars – og heildstæðri varðveislu Wathnestorfunnar. Sérstök áhersla lögð á Angró.